
Krullufréttir 2004

31. desember 2004:

Úrslitin í hinu árlega áramótamóti

Hið svokallaða Áramótamót í krullu fór fram í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld. Sex lið tóku þátt en dregið var í liðin fyrir keppni þannig að hin hefðbundna liðaskipan breyttist nokkuð.

Hvert lið lék þrjá leiki og var hver leikur fjórar umferðir. Sigurvegarar með fimm stig af sex mögulegum urðu þeir Gísli Kristinsson, Goran Gusic (sem er betur þekktur fyrir að spila handbolta með Þór), Sigfús Sigfússon og Stefán Steingrímsson.

Liðin voru þannig skipuð:

- A:** Árni Arason, Björn Arason, Eiríkur Bóasson og Viðar Jónsson.
B: Ágúst Hilmarsson, Hallgrímur Ingólfsson, Ólafur Hreinsson og Pálmi Þorsteinsson.
C: Elísabet Inga Ásgrímsdóttir, Gunnar Jóhannesson, Sveinn Björnsson og Sigurjón.
D: Birgitta Reinaldsdóttir, Jón Hansen, Marija Baric og Tibor Tatar.
E: Gísli Kristinsson, Goran Gusic, Sigfús Sigfússon og Stefán Steingrímsson.
F: Iveta, Haraldur Ingólfsson, Jón Rögnvaldsson og Svanfríður Sigurðardóttir.

Lið F varð í öðru sæti með 4 stig, lið A og C komu jöfn í 3.-4. sæti með 3 stig, lið D varð í 5. sæti með 2 stig og lið A í 6. sæti með 1 stig.

16. desember 2004:

Gjaldkeri minnir á greiðslu æfingagjalda

Gjaldkeri Krulludeildar vill minna félagsmenn á að greiða æfingagjöldin fyrir yfirstandandi tímabil (september 2004 til maí 2005). Gjaldið er 5.000 krónur og skal leggjast inn á reikning 162-05-267888, kt. 590269-2989. Einungis þeir félagsmenn sem eru skuldlausir geta tekið þátt í mótum eftir áramót.

Gjaldkeri hefur einnig til sölu kústa og skó.

13. desember 2004:

Krullan í Helgarsportinu og á Rás 1

Krullan hefur fengið jákvæða umfjöllun í Ríkisútvarpinu undanfarna daga. Sagt var frá og talað við krulluglaða Akureyringa í Helgarsportinu í Sjónvarpinu í gærkvöld og á föstudaginn mætti fréttaritari curling.is í þáttinn Útrás á Rás 1.

12. desember 2004:

Evrópumótið í krullu: Svíar og Þjóðverjar sigruðu

Svíum tókst ekki að sigra tvöfalt í Evrópumótinu í krullu sem lauk í gær þrátt fyrir að leika til úrslita bæði í karla- og kvennaflokki.

Í kvennaflokki sigruðu Svíar Svisslendinga 9-4 en Norðmenn tryggðu sér bronsið með 10-7 sigri á Rússum.

Í karlaflokki eru Þjóðverjar Evrópumeistarar eftir 8-7 sigur á Svíum í úrslitaleiknum en Norðmenn náðu bronsinu með 8-2 sigri á Skotum.

Úrslit allra leikja og ýmsa tölfræði er að finna á www.curlit.com.

9. desember 2004:

Evrópumótið í krullu: Undankeppni lokið - fjögurra liða úrslit á morgun

Svíar, Þjóðverjar, Norðmenn og Skotar hafa tryggt sér sæti í fjögurra liða úrslitum í A-deild karla á Evrópumótinu í krullu sem fram fer þessa dagana í Sófíu í Búlgaríu. Svíar og Þjóðverjar urðu efstir í undankeppninni, unnu átta leiki hvor þjóð en töpuðu einum. Norðmenn sigruðu í fimm leikjum af níu – eins og Ítalir og Skotar sem léku aukaleik um fjórða sætið. Þar höfðu Skotar betur. Í undanúrslitunum leika Svíar gegn Skotum kl. 15:00 föstudaginn 10. desember og Þjóðverjar gegn Norðmönnum kl. 19:00. Síðari leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Eurosport.

Í kvennaflokki hafa Svisslendingar, Norðmenn, Svíar og Rússar tryggt sér sæti í undanúrslitum. Svisslendingar, Norðmenn og Svíar unnu sex leiki af níu en Rússar og Skotar unnu fimm leiki af níu og háðu því aukarímu um fjórða sætið. Þann leik unnu Rússar 7-6 eftir framlengingu þar sem jafnt var 6-6 eftir tíu lotur. Í undanúrslitum leika Svíar gegn Norðmönnum kl. 10:30 föstudaginn 10. desember og Svisslendingar gegn Rússum kl. 15:00. Hluti af fyrri leiknum verður í beinni útsendingu á Eurosport og hefst útsendingin kl. 11:15 að íslenskum tíma.

3. desember 2004:

Evrópumótið í krullu - beinar útsendingar á Eurosport

Le Gruyère Evrópumótið í krullu fer fram í Sofíu í Búlgaríu dagana 4.-11. desember. Í kvennaflokki keppa 22 lið, 10 í A-deild og 12 í B-deild, en í karlaflokki eru liðin 27, 10 í A-deild og 17 í B-deild.

Eurosport sýnir beint frá leikjum flesta keppnisdagana og upptökur frá nokkrum leikjum. Hér að neðan er listi yfir útsendingar Eurosport frá mótinu. Rétt er að taka fram að beinar útsendingar eru stundum frá hluta leikja og stundum af leikjum í heild. Leikir geta tekið misjafnlega langan tíma þannig að síðari tímamörk á listanum hér að neðan eru ekki nákvæm.

Upplýsingar um mótið er meðal annars að vinna á [vef Bulgarska Krullusambandsins](http://vef.BulgarskaKrullusambandsins) en einnig á www.curlit.com þar sem nálgast má öll úrslit, leikjadagskrá upplýsingar um liðin og fleira og á www.curlingarena.com þar sem hægt er að fylgjast með framgangi tveggja leikja í hverri umferð í beinni útsendingu (ekki sjónvarpsútsending, heldur myndræn framsetning leikjanna). Á vef Curling Arena er hægt að skrá sig inn og skiptast á skoðunum við aðra áhorfendur.

Ástæða er til að hvetja áhugafólk um krullu til þess að kíkja á Eurosport einhvern tímann í næstu viku ef tækifæri gefst til. Eftirfarandi upplýsingar um útsendingar er að finna á www.eurosport.com:

Sunnudagur 5. desember			
Kl. 15:30-17:00	Karlaflokkur	Þýskaland - Svíþjóð	Bein útsending

Kl. 20:30-22:30	Kvennaflokkur	Finnland - Þýskaland	Upptaka
Mánudagur 6. desember			
Kl. 07:30-10:00	Karlaflokkur	Sviss - Frakkland	Bein útsending
Kl. 12:00-15:00	Kvennaflokkur	Svíþjóð – Þýskaland	Bein útsending
Kl. 18:00-20:00	Karlaflokkur	Sviss – Þýskaland	Bein útsending
Þriðjudagur 7. desember			
Kl. 11:00-13:00	Karlaflokkur	Wales – Þýskaland	Bein útsending
Kl. 14:00-17:00	Kvennaflokkur	Þýskaland – Tékkland	Bein útsending
Miðvikudagur 8. desember			
Kl. 11:30-12:15	Karlaflokkur	Frakkland – Ítalía	Upptaka
Kl. 12:15-15:00	Karlaflokkur	Danmörk – Þýskaland	Bein útsending
Kl. 17:00-20:00	Kvennaflokkur	Þýskaland – Noregur	Bein útsending
Fimmtudagur 9. desember			
Kl. 11:15-12:15	Karlaflokkur	Aukaleikir – Tie breaker	
Kl. 20:00-21:00	Karlaflokkur	Aukaleikir - Tie breaker	
Föstudagur 10. desember			
Kl. 11:30-12:15	Kvennaflokkur	Undanúrslit	Bein útsending
Kl. 19:00-21:00	Karlaflokkur	Undanúrslit	Bein útsending
Laugardagur 11. desember			
Kl. 18:15-19:15	Kvennaflokkur	Úrslitaleikur	Upptaka
Kl. 20:45-22:30	Karlaflokkur	Úrslitaleikur	Upptaka

Góða skemmtun!

1. desember 2004

Bikarkeppni Krulludeildar: Garpar sigruðu!

Garpar eru bikarmeistarar Krulludeildar SA eftir góðan sigur á Víkingum fyrr í kvöld, 6-3. Garpar hófu leikinn af krafti og náðu tveimur stigum í fyrstu umferðinni en Víkingar jöfnuðu í þriðju umferð. Í lok fjórðu umferðar voru Garpar með þrjá steina inni og margir steinar framan við til varnar en Gísli Kristinsson sendi síðasta stein Víkinganna inn fyrir innsta stein Garpanna. Hallgrímur Valsson lét það

ekki slá sig út af laginu og náði að skjóta út og halda þremur stigum þannig að staðan var orðin 5-2 Göörpum í vil. Þar með þyngdist róðurinn hjá Víkingum sem þó minnkuðu muninn í 5-3 í næstsíðustu umferðinni. Garpar náðu síðan að verjast og halda sínu í lokaumferðinni, skoruðu eitt stig og sigruðu 6-3 þegar upp var staðið.

Krulluvefurinn óskar Göörpum til hamingju með bikarinn. Sérstakar hamingjuóskir fær Guðmundur Pétursson sem hugsanlega lék sinn síðasta leik í kvöld. Hann hefur átt við meiðsli að stríða en lét sig þó hafa það að spila í úrslitaleiknum - gat ekki hugsað sér að bregðast félögum sínum á ögurstundu. Guðmundur getur verið ánægður með uppskeru haustsins því þetta var annar titillinn sem Garpar krækja sér í nú í haust. Fyrst sigruðu þeir í Gimli Cup og nú í Bikarkeppni Krulludeildar.

Því miður gleymdust allar myndavélar í kvöld og því ekki til mynd af afhengingu bikarsins en bætt verður úr því með uppstillingu við fyrsta tækifæri.

Nú taka við opnir æfingatímar en brautirnar hafa verið mikið uppteknar allt frá því keppnistímabilið hófst í haust, enda hefur Krulludeildin nú staðið fyrir þremur mótum frá því í september. Ástæða er til að hvetja nýliða til að mæta á svellið á næstu vikum til þess að kynna íþróttinni - reyndir leikmenn eru fúsir til hjálpar. Upplagt er að slaka á frá jólaundirbúningi og mæta í Skautahöllina á mánudagskvöldum kl. 19-21 og miðvikudagskvöldum kl. 21-23.

30. nóvember 2004

Garpar-Víkingar: Garpar hafa yfirhöndina undanfarin tvö ár

Lið Garpa og Víkinga eigast við í úrslitaleik Bikarkeppni Krulludeildar SA í kvöld, miðvikudagskvöldið 1. desember kl. 21-23. Þessi lið hafa oft mæst í mótum undanfarinna ára. Til gamans hefur fréttaritari curling.is tekið saman upplýsingar um viðureignir þessara liða frá og með Íslandsmóti 2003 fram til dagsins í dag. Þess ber þó að geta að allmiklar breytingar urðu á liðsskipan Garpanna haustið 2003.

Í ljós kemur þegar viðureignir þessara liða eru skoðaðar að Garpar hafa haft betur á þessu og síðastliðnu ári en ekki var leitað lengra aftur að úrslitum. Garpar hafa unnið sex viðureignir, tvisvar hafa liðin skilið jöfn en Víkingar hafa unnið tvær viðureignir. Oft hefur það lið sem hefur sigrað í viðureignum þessara liða staðið uppi sem sigurvegari mótsins.

Íslandsmót 2003: Garpar – Víkingar 5-8 Garpar – Víkingar 3-9 <i>Víkingar unnu mótið</i>	Gimli Cup 2003 Garpar – Víkingar 7-6 <i>Garpar unnu mótið</i>	Haustmót 2003 Garpar – Víkingar 7-4 <i>Garpar unnu mótið</i>
Íslandsmót 2004 Garpar – Víkingar 6-5 Garpar – Víkingar 6-6	Minningarmót Marjo 2004 Garpar – Víkingar 2-2 <i>Garpar unnu mótið</i>	Ice Cup 2004 Garpar – Víkingar 7-5
Gimli Cup 2004 Garpar – Víkingar 8-5 <i>Garpar unnu mótið</i>	Akureyrarmót 2004 Garpar – Víkingar 6-2 <i>Víkingar unnu mótið</i>	Bikarkeppni Krulludeildar 2004 Garpar - Víkingar ?-?

Áhorfendur ættu því að eiga von á spennandi og skemmtilegum úrslitaleik í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld kl. 21-23.

29. nóvember 2004

Bikarkeppni Krulludeildar: Garpar og Víkingar í úrslit

Garpar sigruðu Sauði og Víkingar sigruðu Kústa í undanúrslitum Bikarkeppni Krulludeildar SA í kvöld. Garpar og Víkingar leika því til úrslita í keppninni og fer leikurinn fram miðvikudagskvöldið 1. desember kl. 21-23.

Sauðir náðu yfirhöndinni í byrjun leiks gegn Görpunum, komust í 3-0 eftir tvær umferðir. Garpar náðu að jafna með því að skora 3 stig í þriðju umferðinni, en síðan skoruðu liðin hvort sitt stigið í 4. og 5. umferð þannig að jafnt var, 4-4, fyrir lokaumferðina. Þrátt fyrir að Sauðir ættu síðasta stein í lokaumferðinni dugði það ekki. Garpar skoruðu 3 stig og sigruðu 7-4.

Kústar komust yfir gegn Víkingum, 2-0, eftir fyrstu umferðina en Víkingar unnu næstu fjórar umferðir og komust í 6-2. Litlu munaði að Kústum tækist að sigra í 5. umferðinni þegar þeir áttu möguleika á að skora tvö stig en þess í stað settu þeir stein Víkinga inn á miðjuna og Víkingar fengu stigið. Kústar unnu síðan lokaumferðina, fengu þá tvö stig. Þegar Gísli sendi síðasta stein Víkinga í lokaumferðinni voru Kústar með fjóra steina inni, sem hefði dugað til jafnteflis. Gísla brást hins vegar ekki bogalístin og skaut út tveimur steinum Kústanna. Úrslitin því 6-4 Víkingum í vil.

Úrslitaleikurinn verður í Skautahöllinni á Akureyri miðvikudagskvöldið 1. desember kl. 21-23. Áhorfendur eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

24. nóvember 2004

Bikarkeppni Krulludeildar: Kústar sópuðu Ísmeisturum úr keppni!

Sauðir, Garpar, Kústar og Víkingar tryggðu sér í kvöld sæti í fjögurra liða úrslitum Bikarkeppni Krulludeildar SA. Athygli vekur að tvö af þessum fjórum liðum eru skipuð starfsmönnum Vegagerðarinnar – og reyndar má nefna til viðbótar að í þriðja liðinu eru hjón en tveir bræður í því fjórða (en það er útúrdúr).

Mikil spenna var í tveimur viðureignum kvöldsins og réðust úrslit í þeim ekki fyrr en með síðustu steinum í síðustu umferðum.

Fyrir lokaumferðina voru leikar jafnir milli Ísmeistara og Kústa en Kústarnir náðu að setja inn einn stein í lokaumferðinni og verja hann. Þrátt fyrir tilraunir Ísmeistara tókst þeim ekki að komast nær miðjunni en litlu munaði þegar þeir sendu sinn síðasta stein. Á myndinni hér til hliðar sópa þeir Denni og Viðar hvað þeir geta til þess að ná síðasta steininum inn á miðjuna en það dugar ekki til – blái steinninn sem sést í neðst á myndinni var nær og því sigruðu Kústar, 5-4.



Viðureign Mammúta og Sauða var einnig jöfn og spennandi en þar var jafnt fyrir síðustu umferðina. Sauðir, sem er nýtt lið skipað nokkrum starfsmönnum Vegagerðarinnar, gerði sér lítið fyrir og skoraði tvö stig í lokaumferðinni og sigraði því í leiknum, 5-3, og er þar með komið í fjögurra liða úrslit.

Víkingar sigruðu Erni 5-4 eftir að hafa náð 5-0 forystu í fyrstu tveimur umferðunum. Ernir náðu að minnka muninn en vantaði eitt stig upp á að ná Víkingum í lokin.

Heldur meiri munur var viðureign Garpa og Snjótittlinga, en það lið er skipað fjórum starfsmönnum Straumrásar sem allir eru nýlega byrjaðir að stunda íþróttina. Garpar sigruðu í leiknum, 9-2.

Fjögurra liða úrslit verða leikin mánudagskvöldið 29. nóvember kl. 19-21 en þá mætast:

Braut 2: Kústar – Víkingar

Braut 3: Sauðir – Garpar

Sigurveggarar úr þessum viðureignum mætast síðan í úrslitaleik miðvikudagskvöldið 1. desember kl. 21-23.

22. nóvember 2004:

Bikarkeppnin: Ernir í átta liða úrslit eftir sigur á Fálkum

Ernir tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum bikarkeppni Krulludeildar SA með sigri á Fálkum í kvöld, 6-3. Leikur liðanna var eins konar forleikur því níu lið taka þátt í keppninni en sjö lið sátu yfir í kvöld og liðin

tvö, Ernir og Fálkar, þurftu að leika forleik um áttunda sætið í átta liða úrslitunum. Fálkar eru því farnir í frí að sinni en þau lið sem eftir eru mætast á miðvikudagskvöldið.

Eftirtaldir leikir verða í átta liða úrslitum:

Braut	Miðvikudagur 24. nóvember kl. 21-23	
1	Sauðir	Mammútar
2	Garpar	Straumrás
3	Ísmeistarar	Kústar
4	Ernir	Víkingar

21. nóvember 2004:

Bikarkeppni: Forleikur á mánudagskvöld - átta liða úrslit á miðvikudagskvöld

Á laugardag var dregið um það hvaða lið mætast í bikarkeppni Krulludeildar SA sem hefst mánudagskvöldið 22. nóvember. Þar sem níu lið skráðu sig til leiks þarf að leika einn forleik áður en átta liða úrslit hefjast. Ernir og Fálkar fá það hlutskipti að eigast við um laust sæti í átta liða úrslitum og fer leikur liðanna fram á braut 3 kl. 19-21 á mánudagskvöld. Önnur lið bíða til miðvikudags en þá hefjast átta liða úrslitin.

Áður en fulltrúar liðanna drógu sér bókstafi var búið að raða upp viðureignum í átta liða og fjögurra liða úrslit út frá bókstöfunum þannig að nú þegar er ljóst hvaða liði sigurliðið úr forleiknum mætir í átta liða úrslitum og hvaða sigurlið mætast síðan í undanúrslitum.

Áframhald bikarkeppninnar verður síðan sem hér segir:

Átta liða úrslit

Braut	Miðvikudagur 24. nóvember kl. 21-23	
1	Sauðir	Mammútar
2	Garpar	Straumrás
3	Ísmeistarar	Kústar
4	Ernir/Fálkar	Víkingar

Fjögurra liða úrslit

Braut	Mánudagur 29. nóvember kl. 19-21	
2	Ísmeistarar/Kústar	Ernir/Fálkar/Víkingar
3	Sauðir/Mammútar	Garpar/Straumrás

Úrslitaleikur

Braut	Miðvikudagur 1. desember kl. 21-23	
3	Ísmeistarar/Kústar/Ernir/Fálkar/Víkingar	Sauðir/Mammútar/Garpar/Straumrás

Samkvæmt reglum sem ákveðnar hafa verið skal hver leikur leikinn til úrslita í 6 umferðum. Verði lið með jafnt skor að leik loknum skal fjöldi unninna umferða ráða. Verði lið enn jöfn skal fara fram vítakeppni strax að leik loknum. Einn leikmaður úr hvoru liði kastar þá steini í átt að miðju hrings hinu megin, þar til úrslit fást.

15. nóvember 2004:

Akureyrarmótið: Víkingar Akureyrarmeistarar 2004

Víkingar tryggðu sér í kvöld Akureyrarmeistaratitilinn í krullu 2004 með sigri á Grænjöxlum í síðustu umferðinni, 5-4. Víkingar eru vel að sigrinum komnir og fá hér með hamingjuóskir curling.is. Liðið byrjaði fremur illa í mótinu og náði aðeins þremur stigum í fyrstu þremur leikjunum en vann síðan fimm leiki í röð og hafði náð 13 stig þegar upp var staðið, vann 6 leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði einum leik.



Akureyrarmeistarar 2004 eru þau Gísli Kristinnsson, Jón S. Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason og Hallgrímur Indriðason.

Fálkar tryggðu sér silfurverðlaunin með sigri á Ísmeisturum í kvöld, 7-5. Fálkar fengu 12 stig, unnu sex leiki en töpuðu tveimur. Þrátt fyrir tap í kvöld héldu Ísmeistarar þriðja sætinu með 10 stig. Garpar og Ernir koma næstir með 8 stig en Örnunum mistókst að næla sér í bronsverðlaunin í kvöld. Með sigri gegn Mammútum hefðu Ernir komist upp fyrir Ísmeistara - en Mammútar gerðu sér hins vegar lítið fyrir og sigruðu Erni, 6-2. Garpar enduðu mótið fremur illa, töpuðu tveimur síðustu leikjum sínum, í kvöld gegn Tígrum, 4-5.



Segja má að Mammútar séu spútniklið mótsins. Þetta glænýja lið vann þrjá leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði 4 leikjum. Curling.is tekur ofan fyrir nýjum leikmönnum og nýjum liðum sem sett hafa skemmtilegan svip á krulluna í haust - og sett strik í reikning eldri og reyndari liða.

Lokastaðan:

Nr.	Lið	Stig
1.	Víkingar	13
2.	Fálkar	12
3.	Ísmeistarar	10
4.	Garpar	8
5.	Ernir	8
6.	Mammútar	7
7.	Kústar	6
8.	Grænjaxlar	5
9.	Tígrar	3

15. nóvember 2004:

Akureyrarmótið: Þrjú lið eiga möguleika á titlinum, Víkingar með pálmann í höndunum

Lokaumferðin á Akureyrarmótinu í krullu 2004 fer fram í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld kl. 19-21. Þrjú lið eiga möguleika á titlinum en fjögur lið eiga möguleika á að komast í verðlaunasæti. Víkingar standa best að vígi, hafa pálmann í höndunum með 11 stig fyrir lokaumferðina og eiga leik gegn

Grænjöxlum í kvöld. Fálkar og Ísmeistarar koma næstir með 10 stig en þessi lið leika einmitt saman í kvöld. Ernir og Garpar hafa átta stig og eiga Ernir möguleika á að ná 3. sætinu en Garpar ekki.

Nokkrir möguleikar eru á röðun efstu liða miðað við úrslit leikjanna í kvöld

Ef Víkingar sigra eða gera jafntefli í sínum leik er liðið þar með Akureyrarmeistari í krullu 2004.
Tapi Víkingar geta þeir engu að síður orðið meistarar ef Fálkar og Ísmeistarar gera jafntefli. Í því tilfalli yrðu liðin þrjú jöfn með 11 stig en Víkingar hafa bestan árangur í innbyrðis viðureignum þessara þriggja liða. Fálkar og Ísmeistarar yrðu þá hins vegar hnífjafnir í 2.-3. sæti.
Vinni Ísmeistarar Fálka ná þeir 2. sæti ef Víkingar vinna eða gera jafntefli, en 1. sæti ef Víkingar tapa.
Vinni Fálkar Ísmeistara ná þeir 2. sæti ef Víkingar vinna eða gera jafntefli, en 1. sæti ef Víkingar tapa.
Fjórða liðið sem á möguleika á verðlaunasæti er Ernir. Hagstæðustu úrslit fyrir Erni væru að Fálkar ynnu Ísmeistara og Ernir ynnu Mammúta. Þá væru Ernir og Ísmeistarar jafnir að stigum en Ernir fengju 3. sætið vegna sigurs í innbyrðis viðureign liðanna. Tapi Ernir eða geri jafntefli í sínum leik eiga þeir hins vegar enga möguleika á að ná 3. sætinu.
Þótt Garpar gætu komist upp að hlið annarra liða í 3. sæti dugar það þeim ekki vegna óhagstæðra úrslita gegn þessum sömu liðum, Fálkum, Ísmeisturum og Örunum.

Leikir kvöldsins eru sem hér segir:

- Braut 1: Tígrar - Garpar
- Braut 2: Mammútar - Ernir
- Braut 3: Fálkar - Ísmeistarar
- Braut 4: Víkingar - Grænjaxlar

11. nóvember 2004:

Bikarkeppni krulludeildar SA

Keppnisskapi og krullukrafti Akureyringa virðast fá takmörk sett. Nú þegar er lokið einu móti í haust, öðru er alveg að ljúka og fljótlega hefst þriðja mót haustsins - Bikarkeppni Krulludeildar SA.

Ákveðið hefur verið að efna til bikarkeppni Krulludeildar SA. Spilað verður eftir ekta bikarfyrirkomulagi, það er að lið sem tapar fellur úr keppni en sigurvegarar halda áfram þangað til eitt lið stendur uppi sem sigurvegari. Nánari reglur um fyrirkomulag verða kynntar við upphaf mótsins.

Keppnin hefst mánudaginn 22. nóvember. Spilað verður á tveimur brautum í einu, á mánudagskvöldum kl. 19-21 og miðvikudagskvöldum kl. 21-23, þannig að tvær brautir verða lausar til æfinga fyrir nýja sem eldri leikmenn. Þátttaka tilkynnist til formanns Krulludeildarinnar, [Gísla Kristinssonar](#), í síðasta lagi föstudaginn 19. nóvember.

10. nóvember 2004:

Akureyrarmótið: Víkingar á toppinn, Mammútar með óvæntan sigur

Víkingar eru komnir á sannkallaða sigurbraut í Akureyrarmótinu. Í kvöld unnu þeir sinn fjórða leik í röð og nú voru það Fálkar sem þurftu að lúta í lægra haldi; Víkingar sigruðu 6-2. Þar með komust Víkingar í fyrsta sætið og standa með pálmann í höndunum fyrir síðustu umferðina en þá eiga þeir leik gegn Grænjöxlum.

Ísmeistarar komust í tíu stig og aftur upp að hlið Fálka með stórsigri á Kústum í kvöld, 15-1. Garpar misstu hins vegar af möguleikanum á verðlaunasæti þegar þeir töpuðu í æsispennandi leik gegn Mammútum í kvöld, 4-5. Mammútar hafa komið skemmtilega á óvart í mótinu en þeir höfðu mætt á eina æfingu áður en mótið hófst. Liðið hefur vaxið með hverri viðureign og á framtíðina fyrir sér ef

Liðsmenn halda áfram á sömu braut. Ernir eiga enn von um bronsverðlaun í mótinu en þeir sigruðu Grænjaxla 7-5 og komust að hlið Garpanna með átta stig.

Staðan í mótinu er nú þessi.

1. Víkingar	11 stig
2. Fálkar	10 stig
3. Ísmeistarar	10 stig
4. Garpar	8 stig
5. Ernir	8 stig
6. Kústar	6 stig
7. Mammútar	5 stig
8. Grænjaxlar	5 stig
9. Tígrar	1 stig

Víkingar stigu stórt skref í átt að Akureyrarmeistaratitlinum með sigri sínum í kvöld. Þeir leika gegn Grænjöxlum í lokaumferðinni og raunar nægir þeim að gera jafntefli í þeim leik til þess að sigra í mótinu því hvorki Fálkum né Ísmeisturum nægir að ná Víkingum að stigum þar sem þá gildir innbyrðis viðureign og Víkingar gerðu sér lítið fyrir og unnu bæði þessi lið í sömu vikunni, 8. og 10. nóvember.

Það má því segja að mestar líkur séu á því að Fálkar og Ísmeistarar berjast um silfurverðlaunin í leik sínum í lokaumferðinni - nema ef Víkingar tapa sínum leik, sem að sjálfsgöðu er möguleiki eins og hver annar. Ef þannig fer geta Fálkar eða Ísmeistarar komist upp fyrir Víkinga með sigri. Hins vegar dugir ekki fyrir Garpa að ætla sér bronsverðlaunin með því ná Fálkum eða Ísmeisturum að stigum vegna úrslita í innbyrðis viðureignum Garpa gegn þessum liðum. Ernir eiga aftur á móti möguleika á bronsverðlaununum með sigri gegn Mammútum í lokaumferðinni, ef Ísmeistarar tapa gegn Fálkum.

Leikir lokaumferðarinnar verða mánudagskvöldið 15. nóvember kl. 19-21 en þá leika eftirtalin lið:

Braut 1: Tígrar - Garpar
Braut 2: Mammútar - Ernir
Braut 3: Fálkar - Ísmeistarar
Braut 4: Víkingar - Grænjaxlar

Búast má við spennandi viðureignum á mánudagskvöldið og eru áhorfendur hvattir til að mæta og kynnast hinni skemmtilegu íþrótt, krullu.

8. nóvember 2004:

Akureyrarmótið: Víkingar komnir í annað sætið, Fálkar einir á toppnum

Víkingar tylltu sér í annað sætið í Akureyrarmótinu í krullu með góðum sigri á Ísmeisturum í kvöld, 8-4. Fálkar sigruðu Erni í kvöld 6-2 og eru því einir í efsta sætinu eftir tap Ísmeistaranna í kvöld. Garpar komust upp að hlið Ísmeistara með sigri á Grænjöxlum í kvöld 12-2.

Staðan í mótinu er nú þessi.

1. Fálkar	10 stig
2. Víkingar	9 stig
3. Ísmeistarar	8 stig

4. Garpar	8 stig
5. Ernir	6 stig
6. Kústar	6 stig
7. Grænjaxlar	5 stig
8. Mammútar	3 stig
9. Tígrar	1 stig

Flest liðin eiga eftir að leika tvo leiki, nema Kústar og Tígrar sem eiga einn leik eftir. Næstsíðasta umferðin verður leikin á miðvikudagskvöld kl. 21-23 en sú síðasta mánudagskvöldið 15. nóvember kl. 19-21.

Til gamans er hér sett upp í töflu við hverja fjögur efstu liðin í mótinu eiga eftir að spila, en þessi fjögur lið eiga enn öll möguleika á að sigra í mótinu. Eins og sjá má eiga Fálkar, sem nú sitja einir á toppnum, eftir að leika gegn liðunum í 2. og 3. sæti. Það getur því margt átt eftir að breytast áður en upp verður staðið og fyrstu Akureyrarmeistararnir í krullu krýndir.

	Miðvikudagur 10. nóv.	Mánudagur 15. nóv.
Fálkar	Víkingar	Ísmeistarar
Víkingar	Fálkar	Grænjaxlar
Ísmeistarar	Kústar	Fálkar
Garpar	Mammútar	Tígrar

Fjórir leikir fara fram miðvikudagskvöldið 10. nóvember en þá eigast við eftirtalin lið:

Braut 1: Mammútar - Garpar
Braut 2: Fálkar - Víkingar
Braut 3: Ernir - Grænjaxlar
Braut 4: Kústar - Ísmeistarar

3. nóvember 2004:

Akureyrarmótið: Ísmeistarar upp að hlið Fálkanna

Mikil spennan hefur færst í Akureyrarmótið enda eru nú aðeins þrjú leikdagar eftir og aðeins munar þremur stigum á liðunum í fyrsta og sjöunda sæti mótsins. Tvö lið eru nú efst og jöfn, Fálkar og Ísmeistarar, bæði með 8 stig (fjóra sigra og eitt tap). Næstir eru Víkingar með 7 stig, þá Garpar, Ernir og Kústar með 6 stig hvert lið og Grænjaxlar með 5 stig. Mammútar hafa 3 stig og Tígrar 1.

Úrslit kvöldsins komu tæplega á óvart en Ísmeistarar sigruðu Grænjaxla 8-1, Garpar sigruðu Erni 5-3, Víkingar sigruðu Mammúta 6-3 og Kústar sigruðu Tígrana 7-5.

Næstu leikir verða mánudagskvöldið 8. nóvember kl. 19-21 en þá leika eftirtalin lið:

Braut 1: Fálkar - Ernir
Braut 2: Víkingar - Ísmeistarar
Braut 3: Garpar - Grænjaxlar

1. nóvember 2004:

Akureyrarmótið: Ekkert lið taplaust

Eftir leiki kvöldsins í Akureyrarmótinu hafa öll liðin tapað leik. Ísmeistarar voru eina taplausa liðið fyrir kvöldið í kvöld en þurftu að lúta í gras (ís) fyrir Örnun, 2-5. Ernir komust þar með upp að hlið Ísmeistaranna með sex stig en Fálkar eru enn efstir, komust í átta stig eftir stórsigur á Tígrunum í kvöld, 14-1. Þessi þrjú lið, Fálkar, Ernir og Ísmeistarar, hafa tapað einum leik hvert. Úrslit í þriðja leik kvöldsins urðu þau að Grænjaxlar og Kústar skildu jafnir, 7-7, eftir spennandi leik.

Fálkar hafa nú 8 stig, Ernir og Ísmeistarar 6, Grænjaxlar og Víkingar 5 stig, Garpar og Kústar 4 stig, Mammútar 3 og Tígrar 1 - en rétt er að hafa í huga að sum lið hafa leikið fjóra leiki, sum fimm leiki og sum sex leiki.

Næstu leikir verða miðvikudagskvöldið 3. nóvember kl. 21-23 en þá mætast eftirtalin lið:

Braut 1: Ísmeistarar - Grænjaxlar

Braut 2: Garpar - Ernir

Braut 3: Mammútar - Víkingar

Braut 4: Tígrar - Kústar

27. október 2004:

Akureyrarmótið: Tveir Grænjaxlar skutu Fálkana niður!

Leikmannaskortur Grænjaxla kom ekki að sök í kvöld þegar liðið lék gegn efsta liði Akureyrarmótsins, Fálkunum. Tveir Grænjaxlar gerðu sér lítið fyrir og skutu niður Fálkana sem virtust vera komnir á flug eftir þrjá sigurleiki í upphafi mótsins. Grænjaxlar sigruðu Fálkana 5-3. Fálkar halda sig þó áfram á toppnum en Ísmeistarar eru komnir að hlið þeirra og Víkingar þar skammt á eftir. Ísmeistarar hafa nú náð sex stigum eins og Fálkar en standa þó betur að vígi að því leyti að þeir hafa leikið einum leik færra og hafa enn ekki tapað stigi. Ísmeistarar sýndu Görpum í tvo heimana í kvöld og sigruðu 9-7 eftir að staðan var 9-2 fyrir lokaumferðina. Kústar náðu langþráðum sigri í kvöld og það með stæl. Kústarnir tóku allar umferðirnar gegn Mammútum og sigruðu 12-0. Álíka yfirburðir voru í fjórða leik kvöldsins þar sem Víkingar sigruðu Tígrana 13-1.

25. október 2004:

Akureyrarmótið: Tígrar náðu sínu fyrsta stigi

Nýju liðin í krullunni, Tígrar og Mammútar, buðu upp á jafnasta leik kvöldsins í Akureyrarmótinu en þrjár viðureignir fóru fram á svellinu í kvöld. Ernir tóku Kústana fastataki snemma í leiknum og unnu 10-2. Garpar og Víkingar áttust við í spennandi leik en Garpar stóðu þar uppi sem sigurvegarar, 6-2. Tvö af nýju liðunum áttust við í þriðju viðureign kvöldsins. Tígrarnir voru stigalausir fyrir þennan leik en Mammútar komust á bragðið í síðustu viku þegar þeir sigruðu Grænjaxlana. Viðureign Tígranna og Mammúta var sveiflukennnd en spennandi. Að lokum fór svo að liðin stóðu uppi jöfn, 6-6, þar sem Tígrar náðu að jafna með síðasta steininum í síðustu umferðinni.

Fjórir leikir verða næstkomandi miðvikudagskvöld, 27. október kl. 21-23:

Braut 1: Garpar - Ísmeistarar

Braut 2: Mammútar - Kústar

Braut 3: Fálkar - Grænjaxlar

Braut 4: Tígrar - Víkingar

22. október 2004:

Akureyrarmótið: Margir nýliðar

Eins og fram hefur komið taka níu lið frá Akureyri nú þátt í fyrsta Akureyrarmótinu í krullu. Aldrei áður hafa jafnmargir Akureyringar tekið þátt í krullumóti. Það eru því margir nýliðar á svellinu þessa dagana og eru þeir boðnir sérstaklega velkomnir. Til gamans er hér birtur listi yfir leikmenn allra liða:

Ernir: Ásgrímur Ágústsson, Einar Jóhannesson, Elísabet Inga Ásgrímsdóttir, Jón G. Rögnvaldsson og Svanfríður Sigurðardóttir.

Fálkar: Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Haraldur Ingólfsson, Júlíus Fossberg Arason og Sigfús Sigfússon. (Sigfús er frá vegna meiðsla).

Garpar: Hallgrímur Valsson, Davíð Valsson, Guðmundur Pétursson, Magnús E. Finnsson og Sigurður Gunnarsson.

Grænjaxlar: Viðar Jónsson, Guðmundur Karl Jónsson, Kristinn Svanbergsson og Stefán Steingrímsson.

Ísmeistarar: Sveinn Björnsson, Sigurgeir Haraldsson, Hallgrímur Ingólfsson og Björn Sigmundsson. (Sigurgeir er frá vegna meiðsla).

Kústar: Eiríkur Bóasson, Gunnar Jóhannsson, Kristján Þorgrímsson, Pálmi Þorsteinsson og Ólafur Hreinsson.

Mammútar: Jón Ingi Sigurðsson, Arnar Sigurðsson, Björgvin Guðjónsson, Ólafur Númason og Baldvin Zophoníasson.

Tígrar: Tibor Tatar, Jan Kobezda, Michal Kobezda, Anna Kobezdova, Michaela Jordan, Willie Lager, Helgi Gunnlaugsson og Clark McCormick.

Víkingar: Gísli Kristinsson, Jón S. Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason og Hallgrímur Indriðason.

Allir liðsmenn Mammútanna eru að hefja krulluferilinn, höfðu aðeins komið einu sinni og kynnst íþróttinni áður en mótið hófst. Nær allir meðlimir Tígrarnir eru í svipaðri stöðu og Mammútar, nokkrir liðsmenn þar höfðu aldrei snert á krullusteini fyrr en í mótinu en aðrir prófað einu sinni. Einn liðsmanna Víkinganna kynntist krullunni fyrst nú í haust.

21. október 2004:

Akureyrarmótið: Fálkar halda forystunni

Fjórir leikir fóru fram í Akureyrarmótinu í gærkvöld og unnust þeir allir með nokkrum mun. Fálkar hafa unnið alla þrjá leiki sína í mótinu og halda forystu eftir sigur gegn Kústum, 6-1. Ísmeistarar hafa einnig fullt hús eftir sigur gegn Tígrunum í gærkvöld, 9-3. Víkingar hafa nú þrjú stig og eru í þriðja sæti eftir að hafa lagt Erni að velli í gær, 9-2. Mammútar, nýjasta og yngsta liðið í krullunni, unnu sinn fyrsta sigur í íþróttinni þegar þeir lögðu Grænjaxlana 7-2.

Næstu leikir í mótinu verða mánudagskvöldið 25. október en þá leika þessi lið:

Braut 1: Kústar - Ernir

Braut 2: Garpar - Víkingar

Braut 3: Mammútar - Tígrarnir

20. október 2004:

Frumleg krullukynning í höfuðborginni

Krullupiltarnir í Golfklúbbi Guttorms tudda kalla ekki allt ömmu sína þegar kemur að frumleika og þori á íþróttasviðinu. Um það vitnar skemmtileg kynning þeirra á krulluíþróttinni í höfuðborginni nýlega.

Eins og krullarar muna skelltu tuddarnir sér norður í fyrra til þátttöku á nýliðamóti og síðan beint í alþjóðlega mótið okkar, Ice Cup, án þess að hafa æft nokkuð en náðu þó 8. sæti og sýndu góða takta. Voru jafnvel nálægt því að vinna eldri og reyndari lið í íþróttinni.

Fyrstu helgina í október komu krullutuddarnir saman ásamt vinum og kunningjum og héldu villibráðarkvöld. Það er í sjálfu sér ekki í frásögu færandi heldur hitt að meðal skemmtiatriða var kynning á krullu. Útbúinn var fornfálegur steinn með handfangi og hann settur á einhvers konar pall með hjólum, moppur voru fengnar að láni úr eldhúsi veislusalarins þar sem samkoman fór fram og síðan var notað venjulegt hjólabretti í stað hins hála svells sem jafnan er vettvangur krulluspilara.



Fréttaritari curling.is var fyrir tilviljun staddur á þessu villibráðarkvöldi og var dreginn með í kynninguna. Hann var settur í hlutverk skippersins og sést því ekki á meðfylgjandi mynd. Tuddarnir þrír sýndu hins vegar góða takta þótt hjólasteinninn hafi ekki látið alveg nógu vel að stjórn. Premeningarnir á myndinni eru þeir Baldur Ingólfsson, sem rennir steininum, og sópararnir Þorgeir Einarsson og Ágúst Guðmundsson. Óbreyttir veislugestir fengu einnig að prófa við mikinn fögnuð.

Segja má að kynningarherðferð á krullu í höfuðborginni sé með þessu hafin!

18. október 2004:

Kústarnir ekki auðveld bráð fyrir eldri liðin

Þrír leikir fóru fram í Akureyrarmótinu í krullu í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Minnstu munaði að Kústunum tækist að sigra Garpana en vopnin snerust í höndum þeirra í lokaumferðinni.

Tvö af nýju liðunum áttust við og sigruðu Grænjaxlar lið Tígranna örugglega í kvöld, 7-1. Fálkar léku gegn þriðja nýja liðinu, Mammútum, og unnu öruggan sigur 10-4.

Í þriðju viðureign kvöldsins sannaðist það sem svo oft hefur komið upp í íþróttum áður að maður skyldi aldrei gefast upp. Á tímabili leit út fyrir öruggan sigur Kústa gegn Görpum. Kústar höfðu unnið fjórar af fyrstu fimm umferðum leiksins og staðan var 4-1 fyrir lokaumferðina. Þá gerðu Garpar sér lítið fyrir og skorðu 4 stig og unnu þar með leikinn 5-4. Kústarnir hófu allir að iðka krullu fyrr á þessu ári en þrátt fyrir það er greinilegt að þeir verða eldri og reyndari liðunum ekki auðveld bráð í vetur.

Fálkar tóku forystu í mótinu með sigri sínum í kvöld. Þeir eru með fjögur stig en Ernir, Garpar, Grænjaxlar og Ísmeistarar hafa tvö stig. Rétt er að taka fram að sum liðanna hafa leikið einn leik en sum tvo.

Næstu leikir í Akureyrarmótinu verða miðvikudagskvöldið 20. október en þá eigast eftirtalin lið við:

- Braut 1: Kústar – Fálkar
- Braut 2: Tígrar – Ísmeistarar
- Braut 3: Víkingar – Ernir
- Braut 4: Mammútar – Grænjaxlar

14. október 2004:

Akureyrarmótið: Jafnt og spennandi í fyrstu umferðinni

Leikir fyrstu umferðarinnar í Akureyrarmótinu í krullu voru flestir jafnir og spennandi. Óvæntasta frammistaða kvöldsins var líklega hjá hinu glænýja liði Mammútanna en þeir snertu í fyrsta sinn á krullusteinum fyrr í vikunni. Minnstu munaði að þeim tækist að sigra lið Ísmeistaranna, núverandi Íslandsmeistara en reynslan skilaði Ísmeisturum þó sigri í leiknum að lokum. Kústarnir, annað tiltölulega ungt (nýtt) lið hafði í fullu tré við Víkinga og endaði sá leikur með jafntefli. Ernir unnu tiltölulega auðveldan sigur á öðru nýliðaliði kvöldsins, Tígrunum, en það lið samanstendur af erlendum hokkíleikmönnum og aðstandendum þeirra. Nýkrýndir sigurvegarar á Gimli Cup urðu að játa sig sigraða eftir spennandi viðureign við Fálkana.

Næstu leikir í Akureyrarmótinu verða mánudagskvöldið 18. október en þá verða eftirtaldir leikir:

1. braut: Tígrarnir - Grænjaxlar
2. braut: Mammútarnir - Fálkar
3. braut: Kústar - Garpar

Aðeins fara fram þrír leikir flest mánudagskvöldin sem mótið stendur yfir þannig að fjórða brautin er þá laus fyrir þá sem vilja mæta og æfa sig, hvort heldur það eru leikmenn sem þátt taka í þessu móti eða nýtt fólk sem vill koma og prófa.

13. október 2004:

Níu lið í Akureyrarmótinu - fjórir leikir í kvöld

Akureyrarmótið í krullu (curling) hefst í kvöld en nú er ljóst að meðþátttaka verður í mótinu. Alls hafa níu lið skráð sig til leiks og má því búast við skemmtilegu móti næstu vikurnar.

Leikið verður öll mánudagskvöld kl. 19-21 og miðvikudagskvöld kl. 21-23 en síðasta umferðin fer fram mánudagskvöldið 15. nóvember. Hvert lið fær reyndar frí tvisvar sinnum á þessu tímabili. Fjórir leikir verða á miðvikudagskvöldum en þrír á mánudagskvöldum. Endanleg leikjauppröðun hjá hverju liði kemur í ljós í kvöld þegar dregið verður um röð liðanna (bókstafi). Þar sem óljóst er hvaða lið mun sitja yfir í kvöld þurfa öll lið að mæta og vera tilbúin til keppni þó svo eitt þeirra eigi síðan frí í kvöld. Fyrirlíðar liðanna þurfa að vera viðstaddir þegar dregið verður um röðina kl. 21:00 í kvöld en strax að því loknu hefst keppnin.

Dagskráin er að öðru leyti tilbúin ([sjá excel-skjal hér](#)).

Leikreglur fyrir Akureyrarmótið

- Fyrir unninn leik fást tvö stig og eitt stig fyrir jafntefli.
- Verði tvö eða fleiri lið efst og jöfn að keppni lokinni, ráða úrslit innbyrðis leikja röð liðanna. (Einungis stig eru talin).
- Ef þannig fæst ekki niðurstaða og tvö eða fleiri lið eru enn jöfn skal fara fram vítakeppni.
- Vítakeppnin skal framkvæmd í næsta æfingatíma Krulludeildar eftir að keppni lýkur og eru leikreglur sem hér segir:

Allir liðsmenn (4) hvers liðs sem þátt tekur í vítakeppninni senda einn stein í átt að miðju hringis á hinum enda brautarinnar. Ekki er sópað.

Vítakeppnin er framkvæmd þannig að liðsmenn liðanna senda steina til skiptis og byrjar það lið sem hefur fremsta bókstaf í stafrófinu. Það lið sem þannig fær flest stig er Akureyrarmeistari 2004.

Fyrir stein á miðju fást 10 stig, á 60 cm hring 8 stig, á 120 cm hring 6 stig og á 180 cm hring 4stig. Fyrir að snerta ysta hring fást 2 stig.

Steinn telst tilheyra þeim hring sem meirihluti flatarmáls hans er á.

Þess er vænst að leikmenn allra liða mæti tímanlega í leikina, spili af þróðmennsku, fari í öllu eftir reglum og sýni keppinautunum virðingu innan svells sem utan.

Velkomin til leiks!

11. október 2004:

Metmæting á æfingu!

Aldrei áður hafa jafnmargir mætt á krulluæfingu og í kvöld. Um fjörutíu manns voru á svellinu og nokkrir til viðbótar að fylgjast með. Það var því fullt á öllum brautunum fjórum og vel það því að jafnaði eru fjórir í hverju liði og tvö lið sem leika saman á hverri braut þannig að í kvöld þurftu krullarar að skiptast á til þess að allir fengju að spila eitthvað.

Margir nýliðar komu á svellið í kvöld og má það líklega að hluta til rekja til mikillar umferðar hér á heimasíðunni að undanfögnu. Þessa miklu umferð má síðan að verulegu leyti skýra með því að vefurinn b2.is vísaði á okkur undir formerkjunum „vinsælt sport á Íslandi“. Það kemur vonandi í ljós á næstu vikum hvort þessi óvænti kippur skilar varanlegum krullurum. Áhyggjuefni eftir mætinguna í kvöld er þó ekki fjöldi iðkenda heldur kynjaskiptingin í okkar hópi. Hingað til hafa ekki margar konur stundað krulluna að staðaldri og því miður fjölgaði þeim ekki í kvöld því allir nýliðarnir voru (og eru) karlkyns. Ástæða er til að hvetja konur til að koma í Skautahöllina á Akureyri og prófa þessa skemmtilegu íþrótt.

29. september 2004:

Gimli Cup lokið - Fálkar náðu öðru sætinu, Garpar með fullt hús

Garpar gáfu ekkert eftir í lokaumferðinni í Gimli Cup þrátt fyrir að þeir væru búnir að tryggja sér sigur á mótinu fyrir lokaleikinn. Þeir sigruðu Kústana í kvöld 11-5 og luku því keppni með fullt hús stiga. Til hamingju Garpar!

Fálkar tryggðu sér annað sætið með 9-3 sigri á Víkingum í lokaleik sínum í kvöld. Ísmeistarar urðu í þriðja sæti, Gullernir í því fjórða, Víkingar í fimmta sæti og Kústar í því sjötta.

Á myndinni hampa Garpar bikarum en þeir eru (frá vinstri): Sigurður Gunnarsson, Magnús Finnsson, Hallgrímur Valsson, Davíð Valsson og Guðmundur Pétursson.

Þetta mun vera í þriðja sinn sem Hallgrímur Valsson er í sigurliði á Gimli Cup á þeim fjórum árum sem keppt hefur verið um Gimli bikarinn. Sigurliðin á Gimli Cup frá upphafi hafa verið þannig skipuð:

2001: Ásgrímur Ágústsson, Gísli Kristinsson, Hallgrímur Valsson og Jón Rögnvaldsson.

2002: Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason, Gísli Kristinsson og Jón S. Hansen.

2003: Ágúst Hilmarsson, Ásgrímur Ágústsson, Hallgrímur Valsson, Magnús Finnsson og Sigfús Sigfússon.

2004: Davíð Valsson, Guðmundur Pétursson, Hallgrímur Valsson, Magnús Finnsson og Sigurður Gunnarsson.

27. september 2004:

Garpar tryggðu sér sigurinn í Gimli Cup - annað árið í röð!

Pótt enn séu tveir leikir eftir í Gimli Cup hafa Garpar þegar tryggt sér sigurinn í mótinu. Það gerðu þeir með góðum sigri á Fálkum í kvöld, 8-3. Í liði Garpanna eru þeir Hallgrímur Valsson, Davíð Valsson, Magnús Finnsson, Sigurður Gunnarsson og Guðmundur Pétursson. Garpar sigruðu einnig á Gimli Cup 2003 en í sigurliðinu nú eru þó ekki nema tveir af þeim sem sigruðu á mótinu 2003.

Ísmeistarar hafa lokið sínum leikjum í mótinu en þeir skutust upp í 2. sætið með sigri á Kústum í kvöld, 10-3. Gullernir sigruðu Víkinga í sviptingasömum og spennandi leik. Gullernir hafa lokið sínum leikjum og hlutu 4 stig.

Baráttan stendur nú um 2. og 3. sæti í mótinu en í lokaumferðinni eigast við Víkingar og Fálkar annars vegar og Garpar og Kústar hins vegar. Fálkar geta náð 2. sæti með sigri á Víkingum og hugsanlega með jafntefli en Víkingar verða hins vegar að sigra Fálka ef þeir ætla að eiga möguleika á 3. sætinu.

22. september 2004:

Tveir jafnir og spennandi leikir - en röðin óbreytt

Leikir kvöldsins í Gimli Cup voru báðir jafnir og spennandi. Röð liðanna breyttist þó ekkert við úrslitin. Garpar eru enn í efsta sætinu, Fálkar í öðru sæti og í því þriðja eru Ísmeistarar. Ísmeistarar og Gullernir eiga nú aðeins eftir einn leik en hin liðin tvo.

Í kvöld áttust við Íslandsmeistaraliðin Víkingar og Ísmeistarar annars vegar og Gullernir og Kústar hins vegar. Ísmeistarar og Víkingar leyfðu hvorir öðrum ekki meira skor en eitt stig að hámarki í hverri umferð og þegar upp var staðið hafði hvort lið unnið þrjár umferðir og niðurstaðan því jafntefli, 3-3. Hinn leikurinn var einnig jafn og spennandi en örflítið meira skorað. Gullernir höfðu sigur á lokasprettinum, unnu tvær síðustu umferðirnar og sigruðu í leiknum 6-4.

Næstu leikir fara fram mánudagskvöldið 27. september en þá leika Ísmeistarar gegn Kústum, Garpar gegn Fálkum og Gullernir gegn Víkingum.

Það bar einnig til tíðinda í kvöld að nú var fyrsti síðkvöldstíminn okkar á svellinu, þ.e. kl. 21-23. Þar sem aðeins voru leiknir tveir leikir í kvöld voru tvær brautir lausar til æfinga og nýttu krullarar, nýir sem gamlir, sér það vel. Fjórir nýir menn komu til að prófa, allir tengdir búvísindum og ræktun, og virtust fljótt ná nokkuð góðum tókum á íþróttinni.

20. september 2004:

Vantar áhugasama krullara til Malmö

Dagana 9. og 10. október verður haldið 40 ára afmælimót Krullklúbbs Malmöborgar (Malmö Curlingklubb) og býðst okkur Akureyringum að senda eitt lið til þeirrar hátíðar. Krullarar sem áhuga hafa á að fara í þá ferð eru beðnir um að setja sig í samband við Gísla formann sem allra fyrst. Reiknað er með að ef lið frá okkur færi út þá yrði fyrsti leikur á laugardagsmorgni þannig að nóg væri að fljúga út síðdegis á föstudegi og möguleiki að komast aftur heim seint á sunnudagskvöldi.

Hér er kjörið tækifæri fyrir áhugasama krullara til að fara í skemmtilega ferð, öðlast dýrmæta keppnisreynslu og reyna sig við aðra en kollegana hér heima.

20. september 2004:

Garpar skoruðu sjö stig í einni umferðinni!

Garpar tóku forystuna á Gimli Cup með sigri á Gullörnunum í kvöld. Miklar sveiflur voru í leikjum kvöldsins og sáust háar tölur í nokkrum umferðum. Garpar áttu hápunkt kvöldsins þegar þeir skoruðu

7 stig í þriðju umferðinni gegn Gullörnum. Garpar sigruðu í viðureigninni við Gullernina 8-5 en þrátt fyrir allt unnu Gullernir fleiri umferðir en Garparnir. Víkingar sigruðu Kústa 9-3 en jafnasta viðureign kvöldins var á milli Ísmeistara og Fálka. Eftir nokkrar sveiflur í fyrri hluta leiksins endaði viðureignin með því að liðin skiptu með sér stigunum.

Næstu viðureignir fara fram á miðvikudagskvöld kl. 21-23 en þá eigast við Gullernir og Kústar annars vegar en Víkingar og Ísmeistarar hins vegar.

14. september 2004:

Gimli Cup - fyrsta umferð

Keppni um Gimli bikarinn hófst í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld með þremur leikjum. Þrjú efstu liðin frá Íslandsmótinu síðastliðinn vetur unnu leiki sína í gærkvöld. Úrslit leikjanna urðu sem hér segir:

Lið	Umferðir						Úrslit	Úrslit
	1	2	3	4	5	6	skor	stig
Garpar	1	3	2	2			8 - 5	2
Víkingar					1	4		0
Fálkar				3	2		5 - 3	2
Kústar	1	1				1		0
Gullernir		1		2		3	6 - 7	0
Ísmeistarar	1		3		3			2

Úrslit allra leikja er einnig að finna [í excel skjali hér...](#)

Lista yfir úrslit allra leikja og dagskrána framundan [er að finna hér...](#)

Eins og kunnugir sjá væntanlega á liðsnöfnunum varð að gera lítilsháttar breytingu vegna forfalla. Tvö lið, Gullmolar og Ernir, voru sameinuð fyrir þetta mót og keppa að þessu sinni undir nafninu Gullernir.

Liðin:

Fálkar: Ágúst Hilmarsson, Haraldur Ingólfsson, Árni Arason, Júlíus Arason og Sigfús Sigfússon.

Garpar: Hallgrímur Valsson, Davíð Valsson, Magnús Finnsson og Sigurður Gunnarsson.

Gullernir: Jón G. Rögnvaldsson, Svanfríður Sigurðardóttir, Elísabet Inga Ásgrímsdóttir og Einar Jóhannsson.

Ísmeistarar: Sveinn Björnsson, Sigurgeir Haraldsson, Hallgrímur Ingólfsson og Björn Sigmundsson.

Kústar: Ólafur Hreinsson, Gunnar Jóhannesson, Kristján Bjarnason, Jón Már Þórðarson og Sigurður Helgason.

Víkingar: Gísli Kristinsson, Jón S. Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir og Björn Arason.

14. september 2004:

Gimli Cup - fyrsta umferð

Keppni um Gimli bikarinn hófst í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld með þremur leikjum. Þrjú efstu liðin frá Íslandsmótinu síðastliðinn vetur unnu leiki sína í gærkvöld. Úrslit leikjanna urðu sem hér segir:

Lið	Umferðir						Úrslit	Úrslit
	1	2	3	4	5	6	skor	stig
Garpar	1	3	2	2			8 - 5	2
Víkingar					1	4		0
Fálkar				3	2		5 - 3	2
Kústar	1	1				1		0
Gullernir		1		2		3	6 - 7	0
Ísmeistarar	1		3		3			2

Úrslit allra leikja er einnig að finna [í excel skjali hér...](#)

Lista yfir úrslit allra leikja og dagskrána framundan [er að finna hér...](#)

Eins og kunnugir sjá væntanlega á liðsnöfnunum varð að gera lítilsháttar breytingu vegna forfalla. Tvö lið, Gullmolar og Ernir, voru sameinuð fyrir þetta mót og keppa að þessu sinni undir nafninu Gullernir.

Liðin:

Fálkar: Ágúst Hilmarsson, Haraldur Ingólfsson, Árni Arason, Júlíus Arason og Sigfús Sigfússon.

Garpar: Hallgrímur Valsson, Davíð Valsson, Magnús Finnsson og Sigurður Gunnarsson.

Gullernir: Jón G. Rögnvaldsson, Svanfríður Sigurðardóttir, Elísabet Inga Ásgrímsdóttir og Einar Jóhannsson.

Ísmeistarar: Sveinn Björnsson, Sigurgeir Haraldsson, Hallgrímur Ingólfsson og Björn Sigmundsson.

Kústar: Ólafur Hreinsson, Gunnar Jóhannesson, Kristján Bjarnason, Jón Már Þórðarson og Sigurður Helgason.

Víkingar: Gísli Kristinsson, Jón S. Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir og Björn Arason.

12. september 2004:

Gimli Cup hefst á morgun

Ákveðið hefur verið að keppt verði um Gimli bikarinn í krullu nú í september og hefst mótið á morgun, mánudagskvöldið 13. september. Sex lið hafa skráð sig til keppni og eiga þau öll að leika á morgun. Keppendur eru beðnir um að mæta snemma til leiks því byrja þarf á því að draga um töfluröð og að sjálfsgöðu að gera svellið klárt til keppni. Til þess að allt gangi vel fyrir sig þurfa leikirnir að geta hafist í síðasta lagi kl. 19:30 en eins og flestir vita fáum við svellið kl. 19:00 en þá er eftir talsverð vinna við að hafa til steina, undirbúa brautirnar og setja upp stígaðöflur svo eitthvað sé nefnt. Margar hendur vinna létt verk (en ekki sömu hendur vinna öll verk)!



Krullarar sem ekki taka þátt í mótinu geta að sjálfsgöðu mætt, hvort heldur til að horfa á leikina eða til að æfa sig þeirri braut sem ekki verður keppt á, það er einni brautinni af fjórum. Áhugasamir byrjendur eru hvattir til að mæta í Skautahöllina til þess að fylgjast með leikjunum og fá örlitla innsýn í þessa skemmtilegu íþrótt.

Á myndinni er sigurlið Garpanna á Gimli Cup 2003, þeir Sigfús Sigfússon, Ásgrímur Ágústsson, Hallgrímur Valsson, Magnús Finnsson og Ágúst Hilmarsson.

2. september 2004:

Æfingar hafnar - tímarnir komnir á hreint

Fyrsta krulluæfing vetrarins fór fram í gærkvöld. Mæting var góð, spilað í fullskipuðum liðum á báðum brautum og er óhætt að segja að áhuginn lofi góðu fyrir veturinn. Nú er komið á hreint hvaða tíma krullarar fá í Skautahöllinni í vetur en þeir verða sem hér segir:

Mánudagar	Kl. 19:00-21:00	Fjórar brautir
Annar hver þriðjudagur	Kl. 21:00-23:00	Fjórar brautir
Miðvikudagar	Kl. 19:00-21:00	Tvær brautir

Það er því ljóst að krullarar geta vel við unað og ættu að geta æft vel í vetur fyrir ýmsa stórviðburði sem eru á dagskránni.

13. júlí 2004:

Krullumót í Kent á Englandi - fyrsta krulluhöll þarlendrar vígð með móti í nóvember

England hefur hingað til ekki verið hátt skrifað í krulluheiminum, einkum vegna þess að þar hafa ekki verið til neinar hallir sérstaklega ætlaðar til krulluþekkingar. Aftur á móti eru allmargir Englendingar sem stunda krullu og til að mynda margir í hinum skemmtilega og alþjóðlega klúbba, Margarita Curling Club. Sá klúbbur á meðal annars rætur að rekja til Englendinga sem vildu geta spilað krullu en vantaði alvöru krullusvell til þess og bundust því samtökum um að mynda lið og halda í viking til annarra landa til þess að spila krullu. Vandamálið var sem sagt skortur á krullusvelli (eins og hér á Akureyri) en nú er að verða breyting þar á og byggð hefur verið fyrsta krulluhöllin á enskri grundu. Nýja höllin er á Dundale Farm í nágrenni Tunbridge Wells í Kent.

Til þess að halda upp á opnun nýja svellsins, Fenton's Rink, er nú boðað til alþjóðlegs krullumóts í Kent. Mótið verður haldið dagana 12.-14. nóvember en setningarghófið verður fimmtudagskvöldið 11. nóvember. Spilað verður í nýrri þriggja brauta curlinghöll í Kent. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum undir slóðinni www.curlinginkent.co.uk.

21. júní 2004:

Skokkum af stað

Eftir nokkurt hlé með höfuðið í bleyti hefur fréttaritari curling.is nú ákveðið að taka fram skokkskóna og láta verða af hugmyndum sem slegið var fram hér á vefnum fyrr í vor. Til þess að vera nú ekki að finna upp hjólið og gera rangar og jafnvel óhollar teygju- og styrktaræfingar er hugmyndin að þeir krullarar sem vilja, geta og þora muni ganga (skokka) til liðs við skokkhóp Dúnna. Sá hópur kemur saman tvisvar í viku, á mánudögum kl. 18:00 við þjónustuhúsið í Kjarnaskógi og á miðvikudögum kl. 18:00 frá Fosslandi gegnt Akureyri. Síðan er gengið, skokkað eða hlaupið eftir getu og vilja hvers og eins og fullt af möguleikum hvað vegalengdir varðar.

Fréttaritari getur að sjálfsögðu ekki mælt með einhverju án þess að prófa það fyrst sjálfur og því var það að í dag kl. 18 mætti sá hinn sami við þjónustuhúsið í Kjarnaskógi, gekk til liðs við þennan skokkhóp og tritlaði heila sjö kílómetra. Reyndar tók það svo langan tíma að fagmannlegar styrktar og teygjuæfingar Dúnna (og allra hinna) voru nær búnar þegar okkar maður mætti þreyttur, sveittur, þyrstur og svangur eftir sjö kílómetrana. En nú verður ekki aftur snúið. Mæting á miðvikudag kl. 18:00 að Fosslandi gegnt Akureyri.

Á vef Ungmennafélags Akureyrar, www.ufa.is er að finna upplýsingar um skokkhópin, hlaupaleiðir á Akureyri og í nágrenni og ýmislegt sem gott er að vita fyrir okkur sem erum að byrja að hlaupa (farið á langhlaupadeild og þar á fréttir). Rétt er að taka fram að Dúnna tekur um 1.800 krónur á mánuði miðað við fulla þátttöku tvisvar í viku, fyrir auglýsingakostnaði og lítilræði í laun handa sjálfri sér. Fyrir þann pening fær maður að sjálfsögðu fagmannlegar leiðbeiningar um allt sem að skokkinu lýtur, möppu með kortum og öðrum gagnlegum upplýsingum og svo auðvitað skemmtilegar og auðveldar teygju- og styrktaræfingar við lok hvers tíma (að minnsta kosti þeir skokkarar sem komast samdægurs á áfangastað).

Og í lokin smá aukabónus: Dúnna og félagar ætla að ganga á Súlur á fimmtudagskvöld. Brottför frá Súlumýrum ofan við sorphaugana (eða hvað það nú heitir) kl. 21:30. Allir velkomnir og auðvitað er svona ferð tilvalin fyrir krullara til að koma sér af stað aftur eftir nokkurt hlé frá svellinu. Við getum notað tækifærið á toppnum meðan við njótum veðurblíðunnar, útsýnisins og nestisins sem við tökum með okkur og hugað að reglulegum fjallgöngum eða öðrum göngutúrum til hliðar við skokk með Dúnna.

16. júní 2004:

Miðsumarkrulla

Ellefu áhugasamir krullarar mættu á óvænta miðsumaræfingu í krullu í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld, 15. júní. Þótt nú sé nokkuð um liðið síðan reglulegar æfingar hættu þetta vorið ákváðu áhugasamir krullarar að skella sér á svellið og taka eina lokaæfingu áður en slökkt verður á frystivélunum. Góð stemning var á æfingunni og skemmtu krullarar sér vel við þessa uppáhaldsiðju sína. Úr þessu varð ágætis kvöldstund og góð líkamsrækt - en reyndar meiri líkamsrækt fyrir suma en aðra því fréttaritari krullusíðunnar kom við í 10-11 á leiðinni heim en varð fyrir því óláni að læsa lyklana inni í bílnum. Þá var sá kostur vænstur að ganga út í Glerárþorp til að sækja varalyklana og ganga svo aftur til baka til þess að sækja bílinn. Krulluæfingu fréttarítara lauk því eiginlega ekki fyrr en eftir miðnættið.

Skautahöllin er nú farin í sumarfrí en væntanlega verða allar vélar settar aftur í gang í ágúst þegar nýtt ístímabil hefst með æfingabúðum í listhlaupi. Ekki hefur verið ákveðið hvenær krulluæfingar munu hefjast en ekki mun veita af að byrja snemma með aukinni samkeppni hér heima, að sunnan og að utan.

7. júní 2004:

Fréttir af aðalfundi Krulludeildar

Aðalfundur Krulludeildarinnar var haldinn miðvikudagskvöldið 2. júní. Á fundinum voru framin venjuleg aðalfundarstörf. Helstu tíðindin má telja þau að kosin var þriggja manna bygginganefnd sem ætlað er að kanna og hefja undirbúning að byggingu húsnæðis á Akureyri sem hýsa myndi svell sérstaklega ætlað fyrir krulluiðkun. Í nefndinni eru Hallgrímur Valsson, Sigurður Gunnarsson og Jón S. Hansen.

Meðal venjubundinna aðalfundarstarfa er kosning stjórnar og er hún að mestu óbreytt frá fyrra ári, nema hvað Guðmundur Pétursson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Ágúst Hilmarsson var kjörinn varaformaður í hans stað en í stað Ágústs sem meðstjórnandi kemur Einar Jóhannesson nýr inn í stjórnina. Tillaga Krulludeildar að stjórn var síðan staðfest á aðalfundi Skautafélagsins kvöldið eftir.

Ný stjórn er því þannig skipuð:

Formaður	Gísli Kristinsson
Varaformaður	Ágúst Hilmarsson
Gjaldkeri	Hallgrímur Valsson
Ritari	Ásgrímur Ágústsson
Meðstjórnandi	Einar Jóhannesson
Varamenn	Jón S. Hansen
	Davíð Valsson

Á fundinum lagði gjaldkeri fram reikninga liðsins árs (almanaksárs) og kom fram að deildin var rekin með ríflega 40 þúsund króna tapi á árinu. Engu að síður stendur hún vel fjárhagslega og upphaf þessa árs lofar góðu varðandi afkomuna þetta árið. Tekjur deildarinnar voru 283.761 króna, gjöldin voru 324.287 krónur og tap því 40.526 krónur. Eignir um áramót voru 232.443 krónur, skuldir 28.842 krónur og eigið fé því 203.601 króna.

14. maí 2004:

Gönguferðir, skokk, hlaup - eða jafnvel sópganga!

Fréttaritari curling.is er áhugamaður um að vera í góðu formi allt árið – ekki aðeins yfir háveturinn þegar sópið stendur sem hæst. Veðurbliða og náttúrufegurð Akureyrar gera það að verkum að gönguferðir, skokk og hlaup geta veitt mikla ánægju auk þess að vera góðar aðferðir til þess að halda sér í formi. Þess vegna er hér varpað fram spurningu til krullara: Viljið þið ganga, skokka eða hlaupa í sumar með öðrum krullurum? Væri ekki tilvalið að ákveða fyrirfram einn til tvo fasta tíma í viku hverri, mæta á fyrirfram ákveðinn stað og skokka saman? Við gætum jafnvel sameinast einhverjum þeirra skokkhópa sem nú þegar eru til í bænum eða fengið leiðbeinanda til liðs við okkur í fyrstu til þess að við ofgerum okkur ekki á fyrstu vikunum eða förum rangt að við upphitun, hlaup eða teygjur.

Til þess að gera tímana skemmtilegri og tolla í tískunni nú á tímum stafgöngu og annarra nýjunga í líkamspjálfun almennings gætum við ef til vill fundið upp sérstakan krulluhlaupastíl þar sem haldið er á kústi, hlaupið út á hlið og ef til vill tekin lítil beygja (krulla) þegar maður hægir á sér – og hægari útgáfa þessarar íþróttar gæti þá heitið sópganga! (Síðan mætti ef til vill velta fyrir sér hvort *skipperar* liðanna okkar gætu sloppið við þessa pjálfun með því að standa með kústi á áfangastað til þess að leiðbeina okkur hinum um það hvar við eigum að ljúka för okkar!)

En að öllu gamni slepptu þá eru þau ykkar sem hafið áhuga á að vera í góðu formi þegar krullan byrjar aftur síðsumars beðin um að hafa samband við Harald í netfanginu haring@simnet.is eða í síma 462 7727 á kvöldin (gemsinn er orðinn lélegur og ekki á hann að treysta en númerið er 824 2778).

13. maí 2004:

Myndir til sölu

Eftir einhver vandræði og villur á vef Pedromynda eru myndir frá Ice Cup nú tiltækar til skoðunar á www.pedromyndir.is. Á vefnum eru líklega vel á áttunda hundrað mynda. Hér að neðan eru nokkur sýnishorn.

13. maí 2004:

Krulla var það heillin!

Í þeim mikla uppgangi sem íþróttin hefur verið í undanfarinn vetur og auknum alþjóðasamskiptum hefur fréttaritari vefsins alveg gleymt að huga að því að vernda og viðhalda íslenskri tungu. (Sem er undarlegt í ljósi þeirra ljósmynda sem náðst hafa af manningnum með tunguna úti þegar hann er að vanda sig við að senda steina af stað eftir brautinni!)



Hingað til hefur á vefnum tíðast verið ritað um íþróttina curling – og krulla stundum sett í sviga. En nú verður breyting á. Vefkrullari hefur ákveðið að taka sér tak og nota hér eftir íslenska heiti íþróttarinnar – sem er krulla – enda heitir deildin okkar Krulludeild Skautafélags Akureyrar en ekki Curlingdeild. Endrum og sinnum verður enska heitinu curling þó laumað í sviga – því þannig aukast líkurnar á að viðkomandi síða finnist þegar fólk úti í hinum stóra krullu(curling)heimi finni vefinn okkar.

Semsagt: Áfram krulla!

12. maí 2004:

Eldri leikmenn fá liðsstyrk

Í dag er gjaldkeri Krulludeildar, Hallgrímur Valsson, fimmtugur. Vefurinn curling.is óskar Hallgrími innilega til hamingju með afmælið og óskar honum áframhaldandi góðs gengis hvort tveggja á ísnum og utan hans.



Í tilefni afmælisins tók fréttaritari traustataki merki Garpa, liðs Hallgríms, ásamt mynd sem Ási ljósmyndari tók á lokahófi Ice Cup - og biður hlutaðeigandi að virða viðleitnina.



11 maí 2004:

Áhugi syðra - jákvæðni í báðum skautahöllunum

Þau gleðitíðindi berast að sunnan að erindi áhugasamra krullara á höfuðborgarsvæðinu hefur verið vel tekið af báðum skautahöllunum, Skautahöllinni í Reykjavík og Egilshöll.

Áhuginn á því að stunda þessa íþrótt syðra virðist enn sem komið er bundinn við hóp sem kennir sig við Golfklúbb Guttorms tudda, en lið frá klúbbnum hefur tvívegis komið norður til keppni eins og kunnugt er af fréttum hér á krulluvefnum, fyrst á nýliðamótið í byrjun mars þar sem liðið endaði í öðru sæti af fjórum liðum og svo á Ice Cup þar sem liðið endaði í áttunda sæti af tíu. Á myndinni er lið GGT sem tók þátt í Ice Cup á dögnum.



Vonandi að efnilegir krullarar leynist víðar á höfuðborgarsvæðinu og komi fram í sviðsljósið þegar fjölmiðlar fara að flytja jafntíðar fréttir af þessari íþrótt syðra og þeir hafa gert hér fyrir norðan. Hvað sem öðru líður aukast nú verulega líkurnar á því að krulluliðin á Akureyri þurfi að leggja land undir fót á næsta Íslandsmóti ef svo heldur fram sem horfir.

6. maí 2004:

Frábært mót – frábærir gestir – frábærir gestgjafar!

Ice Cup – fyrsta alþjóðlega mótið í krullu (curling) sem haldið hefur verið á Íslandi – þótti takast í alla staði mjög vel. Keppendur, skipuleggjendur og áhorfendur skemmtu sér hið besta og hafa keppendur erlendu liðanna tveggja á mótinu lofað sérstaklega skipulag mótsins og einstaka gestrisni Akureyringa. Eftir mótið hafa meðal annars borist kveðjur frá Drottningunum frá Helsingborg þar sem þær lýsa því að þær hafi aldrei upplifað aðra eins gestrisni á ferðum sínum. Í sama streng tóku Willie Arnason og hans fólk í lokahófi mótsins og var ekki laust við að fólk klökknaði við það tækifæri. Willie lýsti því að hann hefði einu sinni áður upplifað álíka gestrisni og nú – og það var þegar hann kom síðast til Íslands en þá fór hann meðal annars í heimsókn til frænda síns á Bessastöðum, Kristjáns Eldjárns.



(Myndirnar með þessari frétt tók Ásgrímur Ágústsson í Norðurmynd).

Gestirnir frá Kanada sigruðu örugglega

Eins og fram hefur komið sigráði lið Willie Arnason frá Kanada í mótinu eftir úrslitaleik við Fálka. Úrslitaleikurinn var spennandi í upphafi og var ekki laust við að undrunarandvarp færi um salinn þegar Fálkar náðu að skora 2 stig í fyrstu umferðinni. Minnstu munaði að Fálkunum tækist að ná 5 stiga forystu með því að skora 3 stig í annarri umferð en Willie nýtti meira ein hálfra aldar reynslu sína í síðasta skoti sínu og skoraði eitt stig. Aftur skoraði kanadíska liðið eitt stig í þriðju umferð og leikurinn því jafn. Vendipunktur leiksins varð í fjórðu umferðinni en þá áttu Fálkar síðasta stein. Willie og fjölskylda áttu fimm innstu steina í hringnum þegar kom að því að Fálkar sendu síðasta steininn. Örlítið vantaði upp á að steinninn næði nógu langt til að komast inn fyrir þessa fimm steina – en nógu mikið vantaði upp á til þess að Willie skoraði 5 stig í umferðinni og staðan því orðin 7-2 og leikurinn rúmlega hálfnaður. Segja má að með þessu hafi úrslitin verið ráðin en Willie skoraði 2 stig í fimmtu umferð og sömuleiðis í sjöttu umferð og úrslitin því 11-2 þegar upp var staðið. Í liði Fálka eru þeir Ágúst Hilmarsson, Haraldur Ingólfsson, Árni Arason, Sigfús Sigfússon og Júlíus Arason, en Júlíus gat því miður ekkert leikið í mótinu.



Garpar sigruðu Ísmeistarana í úrslitaleik um bronsverðlaunin 7-6 þar sem Ísmeistararnir skoruðu 4 stig í lokaumferðinni. Garpar höfðu í raun tryggt sér sigurinn í leiknum fyrir lokaumferðina. Lið Garpa skipa þeir Hallgrímur Valsson, Davíð Valsson, Magnús Finnsson, Sigurður Gunnarsson og Guðmundur Pétursson.

Öruggur sigur í A-riðli

Keppt var í tveimur riðlum og síðan kepptu liðin um sæti í mótinu gegn liði í samsvarandi sæti í hinum riðlinum. Gestirnir frá Kanada, Willie Arnason og lið hans, sigruðu örugglega í A-riðli. Kanadamennirnir sigruðu alla andstæðinga sína nokkuð örugglega. Án þess að farið hafi verið út í nákvæma samlagningu þá má segja að keppnisreynsla Willies jafnist á við samanlagða reynslu allra íslensku keppendanna á mótinu og eiginkona hans á litlu styttri feril að baki. Samtals eru liðsmenn kanadíska liðsins með yfir 150 ára reynslu í íþróttinni! Ásamt Willie eru í liðinu eiginkona hans, Donna-Mae Arnason, dóttir þeirra og tengdasonur, Tracy og Karl Jakobson.

Í öðru sæti A-riðils urðu Garpar, lið undir stjórn Hallgríms Valssonar. Garparnir sigruðu íslensku andstæðingana í riðlinum og stóðu því uppi með 6 stig eftir riðlakeppnina.

Lið Gísla Kristinssonar, Víkingar, varð í þriðja sæti A-riðils með 4 stig. Ásamt Gísla voru í því liði Jón S. Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason og Stefán Andrésson. Kústar, lið starfsmanna Vegagerðarinnar á Akureyri undir stjórn Eiríks Bóassonar varð í fjórða sæti riðilsins með 2 stig en ásamt Eiríki skipa liðið þeir Gunnar Jóhannsson, Pálmi Þorsteinsson, Ólafur Hreinsson og Kristinn Þorkelsson. Í fimmta sæti riðilsins urðu Ernir, lið undir stjórn Ásgríms Ágústssonar. Ernir lentu í því að einn liðsmaðurinn, Einar Jóhannesson, gat ekkert leikið vegna veikinda. Í liðinu voru auk Ásgríms þau Elísabet Inga Ásgrímsdóttir, Ágúst Ásgrímsson og Viðar Jónsson.

Æsispennandi í B-riðli

Keppnin í B-riðlinum var mun jafnari en í A-riðlinum og þegar upp var staðið voru þrjú lið efst og jöfn með 6 stig (þrjú sigra og eitt tap) og því réði úrslitum hve margar umferðir liðin unnu samtals í leikjum sínum í riðlunum. Þar höfðu Fálkar vinninginn, unnu samtals 17 umferðir, Ísmeistarar komu næstir með 16 umferðir en gestirnir frá Helsingborg, Queens urðu í þriðja sæti með 14 umferðir. Hið sama var einnig uppi á teningnum varðandi 4. og 5. sæti riðilsins því þar urðu jöfn tvö lið með 1 stig, Gullmolar frá Akureyri og lið Golfklúbbs Guttorms tudda (GGT) frá Reykjavík. GGT hafði betur með 11 unnar umferðir en Gullmolar unnu 10 umferðir.

Lið Ísmeistaranna skipa Sveinn Björnsson, Sigurgeir Haraldsson, Hallgrímur Ingólfsson, Björn Sigmundsson og Audrey Freyja Clarke. Lið Drottninganna frá Helsingborg (Queens) skipuðu Sari Alm, Charlotte Hedegaard, Emma Pettersson og Jeanette Ekberg. Í liði GGT eru þeir Páll Tómasson, Baldur Ingólfsson, Þorgeir Einarsson, Ágúst Guðmundsson og Páll Stefánsson. Lið Gullmolanna er gamalkunnugt lið með nýtt nafn, en liðsmenn hafa hingað til keppt undir merkjum Listhlaupadeildar SA. Liðið skipuðu þau Jón Rögnvaldsson, Svanfríður Sigurðardóttir, Dagbjört Hulda Eiríksdóttir, Eiður Stefánsson, Marija Baric og Goran Gusic.

Bæjarstjórinn áhugasamur

Bæjarstjórinn á Akureyri á skilið sérstakar þakkir því við upphaf móts bauð hann til móttöku þar sem keppendur fengu tækifæri til að kynna hver öðrum og til að bjóða aðkomuliðin velkomin. Þar skiptust menn á gjöfum og sögum, meðal annars um för fjögurra krulluspilara til Gimli í Manitoba 1995 til þess að læra íþróttina. Þá skellti Kristján Þór sér í ökuferð með Willie Arnason út í Svarfaðardal en Willie er ættaður frá Tjörn og mun hafa farið vel á með þeim frændum og Svarfdælingum Kristjáni Þór og Willie.

Fjöldamargir eiga þakkir skilið

Þá er ekki úr vegi að færa Íþrótt- og tómstundaráði Akureyrar og Vetrariþróttamiðstöð Íslands sérstakar þakkir fyrir að gera þetta mót mögulegt með styrkveitingu til kaupa á búnaði. Einnig naut Krulludeildin stuðnings fjölmargra fyrirtækja, sem ýmist lögðu fram styrk í formi fjár, búnaðar, matar eða annarrar aðstoðar. Þessi fyrirtæki eru: KEA, KB banki, Síminn, Sjóvá-Almennar, Icelandic umbúðir, Bautinn, Greifinn, Verslunin Brynja, Penninn, Matur og Mörk, Kjarnafæði, Vífilfell, SBA-Norðurleið og fleiri. Einnig er óhætt að fullyrða að svona mót eins og Ice Cup myndi aldrei ganga upp ef ekki væru til staðar dugnaðarforkar sem verja mörgum vinnustundum í undirbúning mótsins. Hér verða ekki nefnd nöfn heldur er öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn þakkað fyrir frábært samstarf. Vonandi hefur þetta skilað okkur þeirri reynslu að Ice Cup verði árlegur viðburður og verði innan fárra ára orðið einn af *stóru viðburðunum* í íþróttalífi Akureyrar.

1. maí 2004 - kl. 19:00:

Gestirnir frá Kanada sigruðu

Úrslitaleiknum á Ice Cup lauk um sexleytið í dag en í leiknum áttust við lið kanadíska gestanna, Willie Arnason og fjölskylda hans, og íslenska liðið Fálkar. Úrslitaleikurinn var spennandi framan af, Fálkar unnu fyrstu umferðina en Willie næstu tvær og þá var jafnt að stigum 2-2. Segja má að Willie hafi gert út um leikinn með því að skora fimm stig í fjórðu umferðinni. Þegar upp var staðið eftir sex umferðir hafði liðið skorað 11 stig gegn 2 stigum Fálkanna og er því sigurvegari þessa fyrsta alþjóðlega móts í krullu sem haldið hefur verið á Íslandi.



Nánari fréttir af leiknum og mótinu öllu verða hér á vefnum eftir fáeina daga.

1. maí 2004 - kl. 19:00:

Gestirnir frá Kanada sigruðu

Úrslitaleiknum á Ice Cup lauk um sexleytið í dag en í leiknum áttust við lið kanadíska gestanna, Willie Arnason og fjölskylda hans, og íslenska liðið Fálkar. Úrslitaleikurinn var spennandi framan af, Fálkar unnu fyrstu umferðina en Willie næstu tvær og þá var jafnt að stigum 2-2. Segja má að Willie hafi gert út um leikinn með því að skora fimm stig í fjórðu umferðinni. Þegar upp var staðið eftir sex umferðir hafði liðið skorað 11 stig gegn 2 stigum Fálkanna og er því sigurvegari þessa fyrsta alþjóðlega móts í krullu sem haldið hefur verið á Íslandi.



Nánari fréttir af leiknum og mótinu öllu verða hér á vefnum eftir fáeina daga.

1. maí 2004:

Úrslit í riðlunum ráðin

Kanadíska liðið, lið Willie Arnason og fjölskyldu hans sigraði örugglega í A-riðli Ice Cup og leikur til úrslita í mótinu gegn Fálkum kl. 15:30 í dag. Fálkar sigruðu í B-riðli en þar munaði aðeins hársbreidd á þremur efstu liðunum, ef svo má að orði komast. Fálkar, Ísmeistarar og Queens fengu 6 stig hvert lið en Fálkar unnu fleiri umferðir en hin liðin og teljast því sigurvegarar í B-riðli. Fálkar unnu 17 umferðir, Ísmeistarar 16 og Queens 14 og ákvarðast röð þeirra í riðlunum eftir því. Hér að neðan má sjá hvaða lið leika saman til úrslita um sæti, en leikið er til úrslita um öll sæti mótsins. Þegar þetta er ritað standa yfir leikirnir um 3.-10. sætið en úrslitaleikur Willie og Fálkanna um gullið hefst um kl. 15:30.

- 1.-2. Willie - Fálkar
 - 3.-4. Garpar - Ísmeistarar
 - 5.-6. Víkingar - Queens
 - 7.-8. Kústar - GGT
 - 9.-10. Ernir - Gullmolar
-

30. apríl og 1. maí 2004:

Úrslit allra leikja í riðlakeppni Ice Cup

Saturday/Laugardagur 1. maí**Ice Cup - 5. umferð/round 5****A-riðill / Heat A**

- | | |
|--------------------|------|
| 1. Willie - Garpar | 10-4 |
| 2. Kústar - Ernir | 10-5 |

B-riðill /Heat B

- | | |
|-----------------------|------|
| 3. Queens - Gullmolar | 13-3 |
| 4. Fálkar - GGT | 5-4 |

Saturday/Laugardagur 1. maí**Ice Cup - 4. umferð/round 4****A-riðill / Heat A**

- | | |
|----------------------|------|
| 1. Víkingar - Kústar | 5-3 |
| 2. Ernir - Willie | 0-17 |

B-riðill /Heat B

- | | |
|----------------------|------|
| 3. Ísmeistarar - GGT | 10-3 |
| 4. Fálkar - Queens | 4-7 |

Friday/Föstudagur 30. apríl**Ice Cup - 3. umferð/round 3****A-riðill / Heat A**

- | | |
|----------------------|------|
| 1. Ernir - Garpar | 2-6 |
| 2. Víkingar - Willie | 2-12 |

B-riðill /Heat B

- | | |
|-------------------------|-----|
| 3. Gullmolar - Fálkar | 6-7 |
| 4. Ísmeistarar - Queens | 7-1 |

Friday/Föstudagur 30. apríl**Ice Cup - 2. umferð/round 2****A-riðill / Heat A**

- | | |
|---------------------|------|
| 1. Víkingar - Ernir | 9-1 |
| 2. Garpar - Kústar | 13-2 |

B-riðill /Heat B

- | | |
|-------------------------|------|
| 3. Fálkar - Ísmeistarar | 11-0 |
| 4. Gullmolar - GGT | 5-5 |

Friday/Föstudagur 30. apríl**Ice Cup - 1. umferð/round 1****A-riðill / Heat A**

- | | |
|--------------------|-----|
| 1. Willie - Kústar | 6-2 |
| 2. Garpar Víkingar | 7-5 |

B-riðill /Heat B

- | | |
|----------------------------|------|
| 3. Queens - GGT | 9-2 |
| 4. Gullmolar - Ísmeistarar | 1-12 |

30. apríl 2004:

Flest gekk upp á fyrri keppnisdegi Ice Cup

Óhætt er að segja að fyrri keppnisdagurinn á Ice Cup hafi gengið vel að flestu leyti ef undanskilin eru vandræði sem upp komu með steinana og höfðu slæm áhrif í tveimur leikjum. Það vandamál hefur

verið leyst en því miður bitnaði það á hinu sænska liði Queens. Að öðru leyti gekk mótshaldið eins og í sögu og allir skemmtu sér ágætlega á ísnum og utan hans.

Ekkert óvænt gerðist í fyrstu umferðinni. Erlendu liðin, Queens og Willie, unnu sína leiki og það gerðu einnig Ísmeistararnir. Jafnasta viðureignin í fyrstu umferðinni var leikur Garpa og Víkinga, sem Garpar unnu 7-5 með því að skora þrjá steina í lokaumferð leiksins.

Mestu tíðindi annarrar umferðarinnar urðu í viðureign liðanna sem börðust um Íslandsmeistaratitilinn í lok mars í bráðabana eins og margir muna eftir. Fálkar kvittuðu fyrir tapið þar með því að sigra Ísmeistarana 11-0. Reykjavíkurlíðið GGT náði að komast á blað með því að gera jafntefli við Gullmolana. Í A-riðlinum unnust stórir sigrar, Víkingar sigruðu Erni og Garpar sigruðu Kústa.

Í þriðju umferðinni komu upp vandræði með steinana sem lið Queens og Ísmeistaranna notuðu í sínum leik og mun það hafa bitnað meira á konunum í sænska liðinu en á Ísmeisturunum. Úrslit leiksins standa þó, en Ísmeistarar sigruðu 7-1. Í A-riðlinum sýndu gestirnir frá Kanada klærnar þegar þeir sigruðu Víkinga 12-2 en á sama tíma sigruðu Garpar Erni 6-2.

Í A-riðlinum eru Garpar nú efstir með 6 stig, Willie og fjölskylda eru með 4 stig, Víkingar 2 en Erni og Kústar hafa ekki náð stigi.

Í B-riðlinum eru Ísmeistarar með 4 stig eins og Fálkar, Queens er með 2 stig en Gullmolar og GGT hafa 1 stig hvort lið.

Rétt er að taka fram að sum liðin hafa leikið tvo leiki en sum þeirra þrjá. Tvær síðustu umferðirnar verða leiknar á laugardagsmorgun, sú fyrri hefst kl. 9:00 og sú síðari kl. 11:00. Síðan verður leikið til úrslita um 3.-10. sætið og hefjast þeir leikir kl. 13:30 en úrslitaleikurinn kl. 15:30.

29. apríl 2004:

Ættuð úr Svarfaðardal, Akureyri og Borgarnesi

Opnunarhóf Ice Cup tókst með ágætum í gærkvöld. Næstum allir keppendur í mótinu mættu til hófsins sem bæjarstjórnin á Akureyri hélt keppendum. Slegið var á léttu strengi og meðal annars rifjaðar upp sögur úr för okkar fólks til Gimli fyrir níu árum á námskeið í krullu. Í þá för fóru Stefán Andrédsson og Þórarinn M. Þorbjörnsson úr Reykjavík og Gísli Kristinsson og Marjo Kristinsson frá Akureyri.

Í ljós kom að Willie Arnason er ættaður úr Svarfaðardalnum og munu móðir hans og móðir Kristjáns Eldjárns hafa verið systkinabörn. Willie er því náskyldur einum keppandanum á mótinu, Páli Stefánssyni í liði GGT, en hann er systursonur Kristjáns. Eflaust eru fleiri keppendur einnig skyldir kanadísku gestunum því eiginkona Willies, Donna-Mae, er ættuð héðan einnig og mun amma hennar hafa fæðst á Akureyri. Í liðinu er einnig dóttir þeirra, Tracy Jakobsson, og tengdasonur, Karl Jakobsson, en amma hans mun vera ættuð frá Borgarnesi eða nágrenni.

Í hófinu afhenti Stefán Andrédsson, formaður curlingnefndar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, fjórum Akureyringum að gjöf íslenska ólympíumerkið. Það voru þeir Gísli Kristinsson, formaður Krulludeildar SA, Guðmundur Karl Jónsson, framkvæmdastjóri Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands, Kristinn Svanbergsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi Akureyrar, og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri sem fengu merkið sem þakklætisvott frá ÍSÍ fyrir að stuðla að framgangi íþróttarinnar hér.

27. apríl 2004:

Mikill áhugi fjölmiðla

Krulludeildin sendi frá sér fréttatilkynningu í gær vegna Ice Cup og brugðust nokkrir fjölmiðlar þegar við og fjölluðu um mótið. Í viðtali á Aksjón láðist kynningarfulltrúa að geta þess að auðvitað eru áhorfendur velkomnir í Skautahöllina til að fylgjast með leikjunum og aðgangur er ókeypis.

Fréttatilkynningin sem send var til fjölmiðla:

Alþjóðlegt mót í curling á Akureyri

Ice Cup 2004

Föstudaginn 30. apríl og laugardaginn 1. maí fer fram í Skautahöllinni á Akureyri fyrsta alþjóðlega mótið í curling (krullu) sem haldið hefur verið á Íslandi.

Tíu lið taka þátt í mótinu, eitt frá Gimli í Kanada, eitt frá Helsingborg í Svíþjóð, eitt úr Reykjavík en sjö lið eru frá Akureyri. Liðunum tíu hefur verið skipt í tvo riðla og munu sigurliðin úr riðlunum leika til úrslita um sigur í mótinu.

Fyrstu þrjár umferðirnar í riðlunum verða leiknar á föstudag (kl. 10:00, 13:00 og 15:00) og síðan tvær á laugardag (kl. 9:00 og 11:00). Leikið verður til úrslita um 3.-10. sæti á laugardag kl. 13:30 en úrslitaleikur mótsins hefst kl. 15:30 á laugardag.

Strangur undirbúningur

Það er Curlingdeild Skautafélags Akureyrar sem stendur fyrir mótinu og hafa Akureyringar lagt á sig mikla vinnu að undanförunu við undirbúning þess því endurnýja og lagfæra hefur þurft ýmsan búnað og kaupa áhöld og tæki. Við það hefur deildin notið stuðnings Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands og Íþróttá- og tómstundaráðs Akureyrar en jafnframt hefur fjöldi fyrirtækja lagt deildinni lið til þess að gera mótshaldið mögulegt. Síðast en ekki síst hefur mikil vinna verið lögð í að gera gott curling-svell úr svellinu í Skautahöllinni á Akureyri því í þeirri nákvæmnisíþrótt sem curling er þarf ísinn að vera spegilsléttur og jafn en við vinnslu á svellinu fyrir listhlaup og íshökkí er ekki þörf á sömu nákvæmni þannig að slíkt svell hentar að jafnaði ekki mjög vel fyrir curling.

Liðin

Fyrirfram er álitð að lið frá Gimli í Kanada sé hið sterkasta á mótinu en fyrirliði þess á sinn þátt í uppgangi íþróttarinnar á Akureyri. Sá heitir Willie Arnason, sjötugur kappi sem stundað hefur íþróttina í 58 ár! Auk hans eru í liðinu eiginkona hans, Donna-Mae Arnason, dóttir þeirra og tengdasonur, Tracy og Karl Jakobson. Curlingmenn frá Akureyri fóru til Kanada fyrir nokkrum árum og sóttu námskeið hjá Willie en hann er af íslenskum ættum eins og nafnið gefur til kynna.

Sænska liðið heitir því hógværa nafni Queens og er skipað fimm konum frá Helsingborg. Komu þeirra hingað má rekja til Danmerkurfarar liðs frá Akureyri til þátttöku í Öresund Cup í apríl 2003 þar sem drottningarnar tóku einnig þátt.

Enn sem komið er hefur curling-íþróttin ekki verið stunduð annars staðar hér á landi en á Akureyri. Þrátt fyrir það tekur eitt lið frá Reykjavík þátt í mótinu en það skipa brottfluttur Akureyringur sem lék curling í nokkur ár áður en hann flutti suður og fjórir nýliðar í íþróttinni sem kynntust curling á nýliðamóti sem haldið var á Akureyri í mars. Liðið keppir undir merkjum Golfklúbbs Guttorms tudda.

Sex af liðunum sjö frá Akureyri tóku þátt í nýafstöðnu Íslandsmóti (Ísmeistarar, Fálkar, Garpar, Víkingar, Ernir og Gullmolar) en í hópinn hefur bæst lið sem kallast Kústar og er skipað er nokkrum starfsmönnum Vegagerðarinnar á Akureyri, sem allir hófu iðkun íþróttarinnar nú í vetur.

Nánari upplýsingar um mótið og curling-íþróttina er að finna á vef deildarinnar, www.curling.is, en þar verður meðal annars hægt að nálgast fréttir af framgangi mála í mótinu, úrslit einstakra leikja og fleira tengt mótshaldinu.

Fréttatilkynning frá Curlingdeild Skautafélags Akureyrar mánudaginn 26. apríl 2004.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Kristinsson formaður í síma 821 5021 eða Hallgrímur Valsson gjaldkeri í síma 822 2015.

23. apríl 2004:

Ice Cup - leikjauppröðun

Mótsnefnd Ice Cup hefur ákveðið keppnisfyrirkomulag í mótinu og tímasetningar á leikjum. Liðin tíu hafa verið dregin í tvo riðla og munu allir leika við alla innan riðlanna. Síðan munu sigurveggar úr hvorum riðli leika til úrslita um sigur í mótinu en áður munu lið í samsvarandi sætum í riðlunum leika sín á milli um sæti 3-10. Þrjár umferðir verða leiknar í riðlunum á föstudag en tvær umferðir og síðan úrslitaviðureignir á laugardag. Verði lið jöfn að stigum eftir riðlakeppnina ræður úrslitum hvort eða hvert þeirra hefur unnið fleiri lotur samtals í leikjunum í riðlinum en verði lið þá enn jöfn er það skoruð stig (steinafjöldi) í leikjunum sem ræður úrslitum. Verði lið þá enn jöfn verður gripið til bráðabana.

Klukkan verður sett í gang þegar leikirnir hefjast og gengur hún í 85 mínútur. Eftir að flautan gellur klára liðin þá lotu sem þá er í gangi og aðra til.

Leiktímar eru þessir:

1. umferð – föstudag kl. 10:00
2. umferð – föstudag kl. 13:00
3. umferð – föstudag kl. 15:00

4. umferð – laugardag kl. 09:00
5. umferð – laugardag kl. 11:00

Úrslitakeppni um 3.-10. sæti – laugardag kl. 13:30
Úrslitaleikur um sigur í mótinu – laugardag kl. 15:30

21. apríl 2004:

Ice Cup:

Sjötugur öldungur á leið til landsins ásamt fjölskyldunni

Annað erlenda liðið sem kemur til keppni á Ice Cup um mánaðamótið kemur frá Gimli í Kanada. Liðið er skipað hjónum ásamt dóttur þeirra og tengdasyni en það eru Willie Arnason, Donna-Mae Arnason, Karl Jakobson, Tracy Jakobson. Nokkrir úr okkar hópi þekkja til þessa fólks eftir að hafa sótt námskeið í krullu hjá Willie í Gimli fyrir um átta árum.

Í Morgunblaðinu sunnudaginn 18. apríl er sagt frá Willie og fjölskyldu undir fyrirsögninni *Lærimeistarinn í Gimli keppir á Akureyri* og ræddi Steinþór Guðbjartsson blaðamaður við Willie.

Í greininni er sagt frá því að Willie, sem varð sjötugur í liðnum mánuði, hafi stundað íþróttina í 57 ár, þannig að það er mikill fengur fyrir íslenska krullara að fá hann til keppni á fyrsta alþjóðlega móti í krullu sem haldið er á Íslandi.

Grípum niður í viðtalið þar sem fjallað er um krulluiðkun Willies undir millifyrirsögninni *Stóra ástin*:

„Ég ólst upp í sveit og ekki gafst tími til að leika sér í íshokki á daginn en æfingar í krullu voru á kvöldin og því varð þessi íþrótt fyrir valinu,“ segir Willie. „Þetta er þannig íþrótt að þegar þú byrjar geturðu ekki hætt. Þess vegna er ég enn að. Krulla er mín stóra ást.“ Hér grípur Donna-Mae fram í. „Ég hélt að ég væri stóra ástin í lífi þínu,“ segir hún. „Hvað er eiginlega í gangi hérna! Þú hefur sagt mér ósatt í öll þessi ár!“ Karl Jakobson tekur enga áhættu þegar hann er spurður hvað hafi valdið því að hann hafi byrjað að æfa krullu og fær klapp á bakið frá tengdapabba fyrir svarið. „Ég byrjaði að æfa fyrir 18 árum eða þegar ég kvæntist dóttur Willie.“ Þegar Skautahöllin á Akureyri var formlega opnuð í mars 2000 komu Alma og Raymond Sigurdson færandi hendi frá Gimli og gáfu heimamönnum „Gimli-bikarinn“ vegna keppni í krullu. Þeim var boðið á mótið nú en áttu ekki heimangengt, ekki frekar en Willie og Donna-Mae fyrir fjórum árum. Ray verður 72 ára í júní og hann og Willie hafa keppt saman í áratugi en þeir byrjuðu að æfa saman í bernsku. „Ég er ekki farinn að hugsa um að hætta enda má leika þessa íþrótt til æviloka og ég hef hug á að keppa um Gimli-bikarinn á Akureyri,“ segir Ray og er greinilega ekki ánægður með að komast ekki til Íslands að þessu sinni.

Ekkert gefið innan vallar

Félagarnir hafa verið mjög sigursælir í íþróttinni og unnið til margra merkra verðlauna. Undanfarin tvö ár hefur lið Willies verið sigursælast allra liða í Gimli en hann áréttar að þetta sé ekki bara íþrótt fyrir eldri borgara. „Krulla er íþrótt sem eldra fólk getur leikið en þú verður ekki betri í íþróttinni með aldrinum. Yngra fólk hefur betra vald á hreyfingunum og nær almennt betri árangri. En ég fer til Íslands til að sigra. Við ætlum að vera landi og þjóð til sóma jafnt utan sem innan vallar og þó að vinskapurinn skipti öllu utan vallar kemur ekkert nema sigur til greina í keppninni sjálfri.“

Svo mörg voru þau orð – en víst er að íslensku liðin gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda vinskapnum utan vallar – en vinna Willie og fjölskyldu á ísnum. Vonandi að íslenskir krullarar endist jafnlengi í íþróttinni og frændfólkið í Kanada.

20. apríl 2004:

Garpar sigruðu á Minningarmóti

Garpar sigruðu á Minningarmóti um Marjo sem haldið var 17. og 19. apríl. Níu lið tóku þátt í móti og var í fyrsta skipti í sögu íþróttarinnar á Íslandi leikið á þremur brautum því Curlingdeildin hefur nýverið fengið tvö sett af nýjum steinum.

Liðunum var í upphafi skipt í þrjá riðla en síðan léku sigurliðin úr riðlunum saman og kepptu um 1.-3. sætið í móti, liðin sem lentu í 2. sæti í riðlunum kepptu um 4.-6. sætið í móti og neðstu liðin úr riðlunum léku um 7.-9. sætið. Stigin úr undanriðlunum voru síðan ekki talin með í úrslitakeppninni.

Garpar, Ísmeistarar og Víkingar sigruðu í riðlunum og léku til úrslita um efstu sætin. Í þeirri keppni stóðu Garpar uppi sem sigurvegarar eftir sigur gegn Ísmeisturum og jafntefli gegn Víkingum en Ísmeistarar og Víkingar skildu jafnir. Nokkuð af lítið eða ekkert reyndu fólk tók þátt í móti og er það ánægjuefni og til marks um stöðugt auknar vinsældir íþróttarinnar á Akureyri.

Hér að neðan eru úrslit allra leikja en endanleg röð liðanna varð þessi:

1. Garpar
2. Víkingar
3. Ísmeistarar
4. Listhlaup
5. Kústar
6. Ernir
7. Grænjaxlar
8. Fálkar
9. Mimmi

1. riðill	
Ísmeistarar – Ernir	5-3
Ísmeistarar – Mimmi	5-0
Ernir – Mimmi	9-1
Staðan:	
Ísmeistarar	4 stig
Ernir	2 stig
Mimmi	0 stig

2. riðill	
Kústar – Fálkar	6-2
Víkingar – Kústar	8-2
Víkingar – Fálkar	3-2
Staðan:	
Víkingar	4 stig
Kústar	2 stig
Fálkar	0 stig

3. riðill	
Garpar – Listhlaup	10-2
Listhlaup – Grænjaxlar	2-2
Garpar – Grænjaxlar	8-0
Staðan:	
Garpar	4 stig
Listhlaup	1 stig
Grænjaxlar	1 stig

Úrslitakeppni:

1.-3. sætið:	
Ísmeistarar – Víkingar	2-2
Ísmeistarar – Garpar	4-6
Víkingar – Garpar	2-2

Staðan:	
1. Garpar	3 stig
2. Víkingar	2 stig
3. Ísmeistarar	1 stig

4.-6. sætið	
Kústar – Ernir	4-1
Listhlaup – Ernir	3-1
Listhlaup – Kústar	7-1
Staðan:	
4. Listhlaup	4 stig
5. Kústar	2 stig
6. Ernir	0 stig

7.-9. sætið:	
Fálkar – Mimmi	2-0*
Fálkar – Grænjaxlar	3-3
Grænjaxlar – Mimmi	3-2
* Leikurinn var ekki leikinn	
Staðan:	
7. Grænjaxlar	3 stig
8. Fálkar	3 stig
9. Mimmi	0 stig

17. apríl 2004:

Minningarmót um Marjo

Hið árlega minningarmót um Marjo Kristinsson verður haldið 17. og 19. apríl. Upphitun og uppröðun í mótið verður laugardaginn 17. apríl kl. 17-18 og eru keppendur beðnir um að mæta tímanlega.

Leiknir verða stuttir leikir í mótinu, 4. umferðir hver leikur. Búið er við að átta eða jafnvel tíu lið muni taka þátt í mótinu. Miðað er við að keppni standi kl. 18:00-22:00 laugardaginn 17. og síðan frá kl. 19:30 mánudagskvöldið 19. apríl. Þáttökugjald er ekkert.

16. apríl 2004:

Curling í Reykjavík?

Svo virðist sem reglulegar fréttir af gangi mála hjá curlingfólki á Akureyri hér á heimasíðunni hafi kveikt líf meðal sunnanmanna og vakið áhuga á að koma þessari íþrótt af stað syðra. Eins og fram kom í fréttum hér á síðunni komu fjórir vaskir sveinar úr Golfklúbbi Guttorms tudda (www.ggtgolf.com) til Akureyrar í byrjun mars og tók þátt í svokölluðu nýliðamóti. Þar náðu þeir ágætum árangri um leið og þeir smituðust af bakteríunni og koma þrír þeirra norður til keppni í Ice Cup ásamt Páli Tómassyni, brottfluttum Akureyringi og fyrrum liðsmanni Fálkanna.

Ekki er nóg með að sunnanmenn ætli sér að taka þátt í Ice Cup heldur hafa þeir nú ritað curlingnefnd ÍSÍ bréf með óskum um aðstoð við að koma íþróttinni af stað syðra. Afrit af bréfinu var sent víða og strax bárust viðbrögð frá Egilshöllinni í Reykjavík þar sem fulltrúi hennar lýsir sig reiðubúinn að taka við curlingmönnum á svellið í Egilshöll og segir hann kjöraðstæður til curlingiðkunar og alla aðstöðu þar til fyrirmyndar.

Fréttaritari curling.is fagnar framtaki sunnanmanna og hvetur forkólfa sunnanmanna til dáða. Það yrði mikil lyftistöng fyrir íþróttina og tilbreyting fyrir okkur Akureyringa að fá að kljást við aðra en okkur sjálf í þessari skemmtilegu íþrótt.

30. apríl - 1. maí 2004:

Tíu lið á Ice Cup

Forkólfar Curlingdeildarinnar og fleiri hafa staðið í ströngu að undanfögnu við að undirbúa Ice Cup, fyrsta alþjóðlega mótið í curling á Íslandi. Að mörgu er að hyggja í þeim efnum og meðal annars verður brautum á svellinu fjölgað í fjórar, smíðaðar nýjar stigmatöflur og nýir vagnar til að geyma og ferja steinana og ýmis búnaður endurnýjaður lagfærður. Þá þarf að huga að fjármögnun mótsins og ýmislegt verður gert í tengslum við mótið sem kostar vinnu og undirbúning. Stefnit er að því að gera allt sem best úr garði og að mótshaldið takist sem best til þess meðal annars að vinna í haginn fyrir framtíðina því ætlunin er að Ice Cup verði árlegur viðburður héðan í frá og helst stórviðburður þegar fram líða stundir.

Nú er ljóst að tíu lið munu taka þátt í mótinu, þar af eitt frá Svíþjóð, eitt frá Kanada, eitt frá Reykjavík og sjö frá Akureyri. Endanleg leikjadagskrá liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að leikið verði föstudaginn 30. apríl og laugardaginn 1. maí, kl. 8:00 – 18:00 báða dagana.

13. apríl 2004:

Nýr Icemaster

Curlingdeildin starfar af krafti eins og fram hefur komið í fréttum hér á síðunni og í öllu starfi deildarinnar. Í tengslum við fyrsta alþjóðlega mótið í curling á Íslandi, Ice Cup, sem haldið verður um mánaðamótið hefur deildin ráðist í að endurnýja búnað og bæta við tækjum til þess að ráða við mótshald af þeirri stærð sem vonast er til að Ice Cup verði á komandi árum. Meðal þess sem bæst hefur við tækjakostinn er nýr, lítill íshefill, Icemaster, sem sérstaklega er ætlaður til að vinna svell fyrir curling. Á myndinni eru þeir Jón S. Hansen og Hallgrímur Valsson að dást að nýja tækinu þegar það kom í Skautahöllina og var prófað í fyrsta sinn.



30. apríl - 1. maí 2004:

Stórviðburður á Akureyri - alþjóðlegt mót í curling

Curlingdeildin stendur fyrir alþjóðlegu mót í curling í Skautahöllinni á Akureyri dagana 30. apríl og 1. maí í vor. Ljóst er að lið frá Kanada og Svíþjóð taka þátt í mótinu en ekki er á hreinu hve mörg íslensku liðin verða. Margir erlendir klúbbar hafa sýnt mótinu áhuga og miðað við fjölda fyrirspurna má gera ráð fyrir að Ice Cup verði árlegur viðburður á Akureyri og að þátttaka muni aukast á komandi árum. Margir hafa lýst áhuga á að koma á næsta ári.

30. mars 2004:

Íslandsmeistarar - taugarnar sterkari hjá ísköldum Ísmeisturum

Ísmeistarar tryggðu sér annan Íslandsmeistaratitilinn á þremur árum með öruggum sigri í bráðabana gegn Fálkum í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld. Bráðabaninn fór þannig fram að hver leikmaður sendi einn stein eftir brautinni og voru gefin stig eftir því hve nærri miðjuhring steinninn endaði. Hvort það var taugaspenna eða eitthvað annað sem hafði áhrif skal ekki fullyrt hér en mönnum gekk illa að hitta á rétta aflíð í skotum sínum. Aðeins þrír leikmenn af þeim átta sem kepptu náðu að skora stig en aðrir sendu steina sína ýmis of stutt eða of langt.

Ísmeistarar hófu leikinn en Björn Sigmundsson, nýliðinn í liðinu, náði ekki að skora stig. Nýliðinn í liði Fálka var næstur en náði heldur ekki að skora. Þá var komið að Ingólfssonunum í liðunum, sem þó eru ekki bræður. Hallgrímur Ingólfsson átti næsta stein fyrir Ísmeistara en þrátt fyrir allmikla reynslu tókst honum ekki að skora. Haraldur Ingólfsson endaði þátttöku sína í Íslandsmótinu með sama hætti, setti of mikið afl í skotið og steinninn fór of langt. Þá var komið að Sigurgeir Haraldssyni, sem setti pressu á Fálkana með því að skora 8 stig þegar hann sendi sinn stein næstum inn að miðjuhringnum. Árni Arason lét ekki slá sig út af laginu og skoraði 6 stig fyrir Fálka. Sveinn Björnsson (Denni) setti aðra hönd á bikarinn þegar hann skoraði 6 stig með síðasta steini Ísmeistaranna. Það þýddi að foringi Fálkana, Ágúst Hilmarrson, hefði þurft að skora átta stig til þess að jafna leikinn og ná að framlengja bráðabanann. Það tókst ekki, steinninn fór of langt og úrslitin í bráðabanannum því 14-6 Ísmeisturum í vil.

Ísmeistarar eru því Íslandsmeistarar í curling 2004 og eru vel að þeim sigri komnir. Curling vefurinn óskar Ísmeisturum til hamingju með titilinn.

Með bráðabanannum í gær lauk bráðskemmtilegu og spennandi Íslandsmóti og er ástæða til að þakka liðunum fyrir skemmtilega og drengilega keppni. Þótt Íslandsmótinu sé lokið heldur gamanið áfram en næsti stórviðburður á vegum Curling deildarinnar er alþjóðlegt curling mót sem haldið verður á Akureyri 30. apríl og 1. maí. Skráningu liða á það mót er ekki lokið en ljóst er að nokkur erlend lið munu taka þátt ásamt væntanlega 6-10 íslenskum liðum.


24. mars 2004:

Ótrúlegur endir á frábæru móti - en ekki er allt búið enn

Hafi einhver haldið að ekki væri hægt að upplifa spennu og dramatík með því að mæta í Skautahöllina á Akureyri til að horfa á leiki í curling þá var slíkt afsannað í lokaleikjum Íslandsmótsins, sem leiknir voru í kvöld. Hið ómögulega gerðist, ef svo má að orði komast. Tvö lið áttu möguleika á að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í kvöld en hvorugu tókst það. Annað liðið missti af titlinum og endaði í þriðja sæti mótsins en hitt liðið þarf að fara í bráðabana þar sem keppt verður um titilinn.

Þess má geta að formaður Curlingnefndar ÍSÍ, Stefán Andrésson, mætti að sjálfsögðu til Akureyrar til þess að fylgjast með leikjum lokaumferðarinnar, tilbúinn að afhenda sigurlíði mótsins bikarinn en ekki varð af því. Fréttamenn frá Sjónvarpinu voru einnig mættir á staðinn og vonandi fá landsmenn að líta brot frá lokaumferðinni í Helgarsportinu næstkomandi sunnudag. Á myndinni hér til hægri ræða þeir málin eftir að leikjum lauk, Pétur Halldórsson frá Rúvak, Stefán Andrésson og Gísli Kristinsson, formaður Curling deildar SA.

Ísmeistarar stóðu með pálmann í höndunum þegar tveimur umferðum var ólokið í mótinu og þurftu aðeins að vinna annan af tveimur síðustu leikjum sínum til þess að tryggja sér titilinn. Það tókst því miður ekki. Í kvöld léku Ísmeistararnir gegn Víkingum og töpuðu 2-6. Víkingar byrjuðu betur og unnu tvær fyrstu loturnar en Ísmeistarar jöfnuðu 2-2 í þeirri þriðju. Víkingar spiluðu hins vegar betur það sem eftir lifði leiks og unnu þrjár síðustu loturnar en þrátt fyrir að Víkingar næðu að vinna fimm lotur af sex



var hörð barátta og mikil spenna í öllum lotum.

Um tíma í kvöld leit út fyrir að Garpar væru að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn því á sama tíma og Ísmeistarar voru komnir undir á móti Víkingum virtust Garpar ætla að koma í veg fyrir að Ernir næðu að fljúga áfram. Ernir náðu að vísu forystunni eftir fyrstu lotu en þá skoruðu Garpar fjögur stig og síðan eitt stig í þriðju lotunni og voru komnir í 5-1. Ernir minnkuðu muninn í 5-2 á sama tíma og Ísmeistarar voru lentir tveimur stigum undir í hinum leiknum. Með sama áframhaldi hefðu Garpar komist í 13 stig og en Ísmeistarar og Fálkar komið næstir með 12 stig. En Ernir neituðu að játa sig sigraða, minnkuðu muninn í 5-4 í næstsíðustu lotunni og þrátt fyrir að Garpar ættu síðasta steininn í lokalotunni skoruðu Ernir þrjú stig og sigruðu í leiknum 7-5. Ernir eru því sannarlega örlagavaldar í keppninni um titilinn þótt liðið endaði í 5. sæti því í tveimur síðustu umferðunum unnu þeir liðin sem voru að berjast um titilinn, Ísmeistara og Garpa.

Úrslit kvöldsins þýða það að Fálkar, sem luku leik á mánudagskvöld með sigri á Listhlaupsliðinu, eru jafnir Ísmeisturum í efsta sætinu með 12 stig. Jafnt er í innbyrðis viðureignum þessara liða og því þarf að fara fram bráðabani (vítakeppni) milli liðanna um það hvort þeirra hampar Íslandsmeistarabikarnum 2004. Sú keppni fer fram mánudagskvöldið 29. mars kl. 19:30. Keppnin fer þannig fram að hver liðsmaður sendir einn stein eftir brautinni og eru gefin stig eftir því hvar steinninn lendir í hringnum hinu megin, 10, 8, 6, 4 eða 2 stig. Samanlögð stigatala liðsmanna gildir.

Þrátt fyrir tap í kvöld standa Garpar uppi sem bronслиð mótsins, enduðu með 11 stig eins og Víkingar en höfðu betur í innbyrðis viðureignum liðanna. Spútnikliðið Ernir, undir stjórn fjörkálfsins, skautahlauparans og reynsluboltans Ásgríms Ágústssonar ljósmyndara, hefur innanborðs þrjá nýliða og varamann sem einnig er nýliði. Liðið endaði í 5. sæti með 10 stig, aðeins tveimur stigum á eftir efstu liðunum, og er sá árangur einkar athyglisverður svo ekki sé dýpra í árinna tekið. Listhlaupsliðið endaði í 6. sæti með 4 stig.

Eins og sjá má af lokastöðunni var Íslandsmótið bæði jafnt, skemmtilegt og spennandi að þessu sinni. Fréttavakt Curling deildarinnar þakkar öllum þátttakendum fyrir frábæra skemmtun og skemmtilegt Íslandsmót 2004!

23. mars 2004:

Hverjir verða Íslandsmeistarar?

Lokaspretturinn á Íslandsmótinu verður æsispennandi, en tveir síðustu leikir mótsins fara fram í Skautahöllinni á Akureyri miðvikudagskvöldið 24. mars kl. 19:30-21:00. Þá eigast við annars vegar einu liðin sem orðið hafa Íslandsmeistarar, en það eru Víkingar (núverandi) og Ísmeistarar (2002). Með sigri geta Ísmeistarar tryggt sér titilinn en tapi þeir eða geri jafntefli eru nokkrir möguleikar á lokaröð þriggja efstu liða í mótinu. Í hinum leiknum eigast við Garpar og Ernir. Garpar verða að sigra eða gera jafntefli til að eiga möguleika á titlinum.

Í töflunni sem fréttaritari hefur útbúið (sjá hér að neðan) eru sýndir þeir níu möguleikar sem fyrir hendi eru á úrslitum þessara tveggja leikja og möguleg röð þriggja efstu liða miðað við þau úrslit. Auk þessarar hörðu keppni um titilinn eiga Víkingar og Ernir í keppni um fjórða sæti mótsins, en Víkingar eru nú með 9 stig og Ernir 8. Víkingar eiga ekki möguleika á þriðja sætinu því jafnvel þótt þeir næðu Görpum að stigum þá dygði það ekki því Garpar standa betur eftir innbyrðis viðureignir liðanna (sigur og jafntefli).

Lokaleikir mótsins verða semsagt æsispennandi og er ástæða til að hvetja áhugafólk um þessa skemmtilegu íþrótt að fjölmenna í Skautahöllina og fylgjast með.

Megi besta liðið standa uppi sem sigurvegari!

<p>Möguleikar á úrslitum (stigum) Ísmeistara og Garpa í lokaumferð Íslandsmótsins:</p>

Ísmeistarar	2	2	2	1	1	1	0	0	0
Garpar	2	1	0	2	1	0	2	1	0
Möguleikar á röð þriggja efstu liða miðað við úrslit (stig) Ísmeistara og Garpa í lokaumferðinni. F=Fálkar, G=Garpar, Í=Ísmeistarar. Í reitunum eru einnig skráð stig liðanna miðað við úrslit í samlitum dálki hér að ofan. Fremsti dálkurinn þýðir að bæði Ísmeistarar og Garpar vinna leik sinn í lokaumferðinni (2 stig) og beint fyrir neðan sést að þá enda Ísmeistarar með 14 stig, Garpar 13 stig og Fálkar 12 stig.									
1. sæti	Í = 14	Í = 14	Í = 14	G og Í = 13	Í = 13	Í = 13	G = 13	Öll liðin með 12 stig	F og Í = 12
2. sæti	G = 13	F og G = 12	F = 12	G og Í = 13	F og G = 12	F = 12	F og Í = 12		G = 11
3. sæti	F = 12	= 12	G = 11		F = 12	12	G = 11		
Eins og lesa má úr töflunni eru níu möguleikar á úrslitum leikja Garpa og Ísmeistara í lokaumferðinni. Í fimm tilvikum af þessum níu yrðu Ísmeistarar Íslandsmeistarar án frekari keppni. Í einu tilviki yrðu Garpar Íslandsmeistarar án frekari keppni. Í þremur tilvikum þyrfti vítakeppni til að skera úr um hvaða lið verður meistari. Slík keppni gæti orðið á milli Garpa og Ísmeistara, Fálka og Ísmeistara eða milli allra þriggja liðanna.									

22. mars 2004:

Fuglaliðin fljúga - Ernir unnu Ísmeistara, Fálkar efstir

Ekki réðust úrslitin á Íslandsmóttinu í curling í kvöld þegar lokaleikur 9. umferðar og fyrsti leikur 10. umferðar voru leiknir. Ernir komu í veg fyrir að Ísmeistarar næðu að tryggja sér titilinn með því að sigra þá í mögnuðum leik. Fálkar og Lifthlaup luku keppni á Íslandsmóttinu með leik sínum í kvöld sem Fálkar unnu.

Ísmeistarar og Ernir buðu áhorfendum upp á frábæra skemmtun í kvöld með jöfnum og spennandi leik. Liðin skiptust á að skora í fyrstu fjórum lotunum, eitt stig í hverri lotu, og skoraði jafnan það lið sem átti síðasta stein. Ernir náðu síðan að stela stigi í næstsíðustu lotunni - sem getur reynst hættulegt þegar litlu munar á liðunum, en með nákvæmni og góðri vörn í lokalotunni náðu Ernir einnig að skora eitt stig og sigruðu því í leiknum, 4-2. Ernir náðu þar með að stöðva sigurgöngu Ísmeistaranna, sem unnið höfðu sex leiki í röð og hefðu getað tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri. Spennan heldur því áfram fram á miðvikudagskvöld, þegar lokaleikirnir verða leiknir. Á myndinni liggur einn Ísmeistaranna, Hallgrímur Ingólfsson, kylliflatur eftir viðureignina við Erni.

Fálkar og Lifthlaup áttust við í hinum leik kvöldsins, sem jafnframt var fyrsti leikur lokaumferðarinnar. Fálkar komu ákveðnir til leiks, enda vissu þeir að enn áttu þeir möguleika á að verða Íslandsmeistarar. Segja má að Fálkar hafi gert út um leikinn í fyrri hluta leiksins. Þeir komust í 9-0 eftir þrjár lotur en þá sótti Lifthlaupsliðið á og minnkaði muninn í 9-5 með því að sigra í þremur síðustu lotunum. Fálkar hafa þar með lokið keppni og eru nú efstir með 12 stig ásamt Ísmeisturunum. Lifthlaupsliðið hefur einni lokið keppni, er með 4 stig í sjötta sæti keppinnar.

Lokaleikirnir verða leiknir á miðvikudagskvöld kl. 19:30-21:00. Þá eigast annars vegar við Ísmeistarar og Víkingar en hins vegar Garpar og Ernir.

Nú eiga þrjú lið möguleika á að verða Íslandsmeistarar, Fálkar, Garpar og Ísmeistarar. Eftirfarandi möguleikar eru á röð efstu liða:

- Ef Ísmeistarar vinna í lokalotunni verða þeir Íslandsmeistarar. Ef Garpar tapa eru Fálkar í 2. sæti og Garpar í því þriðja, en ef Garpar gera jafntefli eru Fálkar og Garpar jafnir í 2.-3. sæti. Ef Ísmeistarar vinna ná þeir 2. sæti.
- Ef Ísmeistarar tapa og Garpar vinna, verða Garpar Íslandsmeistarar en Ísmeistarar og Fálkar verða jafnir í 2.-3. sæti.
- Ef Ísmeistarar og Garpar tapa þarf að fara fram vítakeppni milli Ísmeistara og Fálka um titilinn. Garpar verða þá í þriðja sæti.

- Ef Ísmeistarar gera jafntefli og Garpar vinna þarf að fara fram vítakeppni milli þeirra um titilinn. Fálkar verða þá í þriðja sæti.
- Ef Ísmeistarar tapa og Garpar gera jafntefli eru liðin þrjú öll jöfn með 12 stig og jafnt er í innbyrðis viðureignum þeirra. Þá þarf einnig vítakeppni til að skera úr um hver verður Íslandsmeistari.
- Ef Ísmeistarar gera jafntefli og Garpar tapa eru Ísmeistarar Íslandsmeistarar, Fálkar í 2. sæti og Garpar í 3. sæti.
- Ef Ísmeistarar gera jafntefli og Garpar gera jafntefli eru Ísmeistarar Íslandsmeistarar en Garpar og Fálkar jafnir í 2.-3. sæti.

Sjá einnig möguleika á úrslitum og röð liðanna í annarri [frétt hér...](#)

17. mars 2004:

Listhlaupsliðið sigraði Íslandsmeistarana

Óvænt úrslit litu dagsins ljós í níundu og næstsíðustu umferð Íslandsmótsins sem hófst í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Neðsta lið mótsins, Listhlaup, gerði sér lítið fyrir og sigraði Víkinga, 5-3. Þess má til gamans geta að Listhlaupsliðið var eina liðið sem sigraði Víkinga á Íslandsmótinu í fyrra þegar Víkingar urðu Íslandsmeistarar. Fálkar neituðu að gefa eftir í baráttunni um efstu sætin og sigruðu Garpa í kvöld, 6-2.

Þrátt fyrir að þrír Víkingar byrjuðu betur gegn Listhlaupsliðinu með því að skora tvö stig í fyrstu lotunni dugði það þeim ekki til. Víkingar höfðu reyndar 3-2 forystu eftir fjórar lotur en Listhlaupsliðið gerði sér lítið fyrir og sigraði í tveim þeim síðustu og unnu leikinn 5-3. Listhlaupsliðið hefur vaxið með hverri umferðinni og sett strik í reikninginn í toppbaráttunni, en með tapinu í kvöld misstu Víkingar af tækifæri til að verja Íslandsmeistaratitilinn.

Fálkum hefur fram til þessa ekki gengið sérlega vel að sigrast á Görpum en breyting varð þar á í kvöld. Fálkar komu einbeittir til leiks eftir tap í áttundu umferðinni, sem minnkaði möguleika þeirra í toppbaráttunni verulega. En mótið er ekki búið fyrr en síðasta leik lýkur og ekki ástæða til að gefast upp þótt ekki sé staðan alltaf eins og óskað er.

Fyrri hluti leiks Fálka og Garpa var mjög vel leikinn og iðulega áttu bæði lið fjóra til fimm steina í hringnum (húsinu) þegar lotu lauk. En með nákvæmni náðu liðin að halda skori andstæðingsins niðri og aðeins eitt stig var skorað í hverri lotu framan af. Fyrst unnu Fálkar tvær lotur og þá Garpar tvær og staðan 2-2 eftir fjórar lotur. Þá gengu lukkudísirnar í lið með Fálkum, sem jafnframt spiluðu vel allan leikinn, en Garpar misstu aðeins taktinn í lokin. Fálkar skoruðu tvö stig í næstsíðustu umferðinni og vörðust síðan vel í þeirri síðustu og unnu hana einnig með tveimur stigum. Úrslitin því 6-2 í leik sem var mun jafnari og meira spennandi en lokatölurnar gefa til kynna.

Með úrslitum kvöldsins færðust Ísmeistarar nær Íslandsmeistaratitlinum þó þeir stæðu uppi í stúku og horfðu á. Ísmeistarar hafa nú tólf stig og eiga eftir tvo leiki þannig að þeim nægir að vinna annan þeirra til þess að sigrast í mótinu. Síðasti leikur níundu umferðar verður leikinn mánudagskvöldið 22. mars en þá eigast við Ísmeistarar og Ernir. Með sigri tryggja Ísmeistarar sér titilinn en tapi þeir eiga þrjú lið enn möguleika á titlinum, Ísmeistarar, Garpar og Fálkar. Spennan er því í algleymingi í lokaumferðunum.

17. mars 2004:

Skor í leikjunum eða unnar lotur skipta ekki máli

Til þess að taka af allan vafa skal það áréttað að ef tvö eða fleiri lið verða jöfn þegar Íslandsmótinu lýkur þá eru það innbyrðis viðureignir liðanna sem skera úr um það hvort eða hvert þeirra verður efst. Í slíkum tilvikum skiptir aðeins máli hvort lið hefur unnið leik, tapað honum eða gert jafntefli en ekki hvert

skorið var í leikjunum né heldur hve margar lotur (enda) hvort liðið vann. Það þýðir að ef tvö lið verða efst og jöfn og unnu hvort sinn leikinn þá þarf vítakeppni til þess að skera úr um sigurvegara.

Samkvæmt reglum keppinnar fer sú vítakeppni fram í fyrsta æfingatíma eftir að Íslandsmótinu lýkur.

Næstsíðasta umferðin hefst í kvöld með tveimur leikjum, Listhlaup-Víkingar og Garpar-Fálkar, og lýkur á mánudagskvöld þegar Ísmeistarar og Ernir eigast við.

15. mars 2004:

Garpar komust í hann krappan

Síðasti leikur 8. umferðar Íslandsmótsins varð æsispennandi en Garpar náðu sigri gegn Listhlaupi með því að skora tvö stig í loklotunni og sigruðu í leiknum 5-4. Ísmeistarar tóku andköf á áhorfendapöllum þegar þeir sáu fram á að Garpar væru hugsanlega að tapa stigi eða jafnvel stigum, sem hefði treyst stöðu Ísmeistaranna á toppnum - en það breyttist í lokin.

Listhlaupsliðið spilaði mjög góðan leik í kvöld og komst tveimur stigum yfir í fyrstu lotu. Garpar svöruðu fyrir sig í næstu tveimur lotum og komust í 3-2. Listhlaupsliðið jafnaði í fjórðu lotu og skoraði eitt stig í þeirri fimmtu. Þrátt fyrir góðar tilraunir tókst þeim hins vegar ekki að verja þá stöðu og Garpar skoruðu tvö stig í síðustu lotunni og unni 5-4. Þeir eru því enn í humátt á eftir Ísmeisturunum þegar aðeins tvær umferðir eru eftir af Íslandsmótinu. Ísmeistarar hafa 12 stig, Garpar 11 og Víkingar 9.

Níunda og næstsíðasta umferðin hefst miðvikudagskvöldið 17. mars en þá leika annars vegar Garpar gegn Fálkum og hins vegar Listhlaup gegn Víkingum. Ísmeistarar þurfa hins vegar að svitna á pöllum áfram og horfa á þessa tvo leiki en leika síðan gegn Örnunum á mánudagskvöldið. Svo gæti farið að það réðist í þessari umferð hvaða lið hampar Íslandsmeistaratitlinum.

10. mars 2004:

Ísmeistarar unnu sjötta leikinn í röð

Lið Ísmeistaranna, skipað þremur Íslandsmeisturum í curling frá 2002 og einum nýliða, lætur ekkert stöðva sig þessa dagana og vann í kvöld sinn sjötta leik í röð á Íslandsmótinu þegar 8. umferð mótsins hófst með tveimur leikjum. Núverandi Íslandsmeistarar töpuðu hins vegar sínum leik.

Ísmeistarar léku í kvöld gegn Fálkum en liðin áttust við í upphafi móts og þá höfðu Fálkar betur. Ísmeistarar voru ákveðnir í að láta leikinn úr fyrri umferðinni ekki endurtaka sig og skoruðu þrjú stig strax í fyrstu lotu. Fálkar náðu þó að jafna í næstu tveimur lotum en með góðum leik í fjórðu og fimmtu lotu tryggðu Ísmeistarar sér sigurinn, komust í 6-3 og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í síðustu lotunni náðu Fálkar ekki að jafna, skoruðu aðeins eitt stig gegn sterkri vörn Ísmeistaranna og úrslitin því 6-4. Ísmeisturum í vil. Þess má geta að sökum slakrar frammistöðu missti fréttaritari Curling deildar (liðsmaður Fálka) stjórn á fæti sínum (skapi sínu) eftir misheppnað skot þannig að blásaklaus keila flaug í átt að stigmatöflunni. Svoleiðis gerir maður auðvitað ekki í leik - þetta er jú bara leikur!

Ísmeistararnir unnu þar með sinn sjötta leik í röð eins og áður segir og eru nú einir í efsta sætinu með 12 stig. Þess má geta að sökum slakrar frammistöðu missti fréttaritari Curling deildar (liðsmaður Fálka) stjórn á fæti sínum eftir misheppnað skot þannig að blásaklaus keila flaug í átt að stigmatöflunni.

Í hinum leik kvöldsins léku Ernir og Víkingar. Með sigri hefðu Víkingar getað fylgt áfram í humátt á eftir Ísmeisturunum. Víkingar byrjuðu betur í leiknum og komust í 3-1 eftir þrjár lotur. Ernir tóku hins vegar völdin í síðari hluta leiksins og skoruðu tvö stig í hverri lotu og unnu samtals 7-3.

Síðasti leikur 8. umferðar verður mánudagskvöldið 15. mars en þá eigast við Garpar og Listhlaup. Garpar geta með sigri fylgt fast á hæla Ísmeistaranna.

9. mars 2004:

Dramatískur endir á spennuleik

Ísmeistarar eru nú einir í efsta sæti Íslandsmótsins í curling þegar sjö umferðum af tíu er lokið. Síðasti leikur sjöundu umferðar fór fram í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld og var hann gríðarlega spennandi.

Það voru Víkingar og Garpar sem áttust við í dramatískum og spennandi leik. Garpar virtust ætla að rúlla yfir Víkingana strax í upphafi þegar þeir skoruðu fjögur stig í fyrstu lotu. Víkingar létu þessa slæmu byrjun ekki slá sig út af laginu heldur söxuðu á forskotið og komust yfir með sigri í næstu þremur lotum, náðu fyrst tveimur stigum, þá einu og síðan þremur stigum í fjórðu lotunni og voru komnir í 6-4. Hallgrímur og félagar í Görpunum náðu aðeins einu stigi í fimmtu lotunni eftir gríðarlega spennandi lokasteina í þeirri lotu þar sem hársbreiddir skiptu máli eins og í fleiri lotum. Með eins stigs forystu og síðasta stein í síðustu lotunni virtust Víkingar standa með pálmann í höndunum. En í spennandi lokalotu með dramatískum endi náðu Garpar að skora eitt stig og jafna leikinn. Niðurstaðan varð því jafntefli, 6-6.

Ísmeistarar eru þar með einir í efsta sætinu með tíu stig, Garpar og Víkingar hafa níu stig og Fálkar koma í fjórða sæti með átta stig.

Næstu leikir verða á miðvikudagskvöld en þá eigast við Víkingar og Ernir annars vegar og Ísmeistarar og Fálkar hins vegar.

8. mars 2004:

Kústarnir sigruðu á skemmtilegu Nýliðamóti

Nýliðamót Curling deildarinnar á laugardagskvöld tókst mjög vel og virtust keppendur þeirra fjögurra liða sem mættu til keppni skemmta sér hið besta. Góð stemning myndaðist enda var keppnin bæði hörð, spennandi og skemmtileg. Blað var brotið í sögu íþróttarinnar á Íslandi með því að til leiks mætti lið frá Reykjavík, lið Golfklúbbs Guttorms tudda (GGT). Það voru hins vegar heimamenn sem sigruðu í mótinu en úrslit einstakra leikja og lokastaða urðu sem hér segir:

1. umferð	
Ópokki - Pokki	2-2
GGT - Kústarnir	1-5
2. umferð	
Pokki - GGT	1-4
Ópokki - Kústarnir	3-7
3. umferð	
Ópokki - GGT	1-5
Pokki - Kústarnir	1-3

Lokastaðan í mótinu:

Lið	sigrar	jafnt.	töp	stig
1. Kústarnir	3	0	0	6
2. GGT	2	0	1	4
3. Ópokki	0	1	2	1
4. Pokki	0	1	2	1

Margir efnilegir nýliðar komu fram á sjónarsviðið með þátttöku í mótinu og er vonandi að það skili reglulegum iðkendum í framtíðinni.

Liðin voru þannig skipuð:

	
<p>Kústarnir Frá vinstri: Ólafur Hreinsson, Eiríkur Bóasson, Gunnar Jóhannsson og Pálmi Þorsteinsson.</p>	<p>Golfklúbbur Guttorms tudda Aftari röð f.v.: Ingólfur Björnsson og Þorgeir Smári Einarsson. Fremri röð f.v.: Ágúst Guðmundsson og Baldur Ingólfsson.</p>
	
<p>Ungmennafélagið Ópokki Aftari röð f.v.: Birgir Óssurarson, Halldór Gestsson, Haukur Stefánsson og Ingólfur Hauksson. Fremri röð f.v.: Stefán Magnús Jónsson, Einar Eyland og Kristján Vilhelmsson.</p>	<p>Íþróttafélagið Þokki Frá vinstri: Kristín María Kjartansdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Halla Sif Svavarsdóttir, Sigrún Svavarsdóttir, Lilja Sveinsdóttir og Jóhanna E. Birgisdóttir</p>

6. mars 2004:

Nýliðamótið í dag - fjögur lið skráð til keppni

Fjögur lið eru skráð til keppni í Nýliðamótinu sem hefst í Skautahöllinni á Akureyri í dag klukkan 18:00. Keppendur eru beðnir um að mæta tímanlega til kennslu og upphitunar. Áhorfendur eru velkomnir og hvattir til að koma og fylgjast með skemmilegri keppni.

Eftir því sem næst verður komist eru liðin þannig skipuð (liðum og leikmönnum raðað í stafrófsröð):

Golfklúbbur Guttorms tudda	Íþróttafélagið Þokki	Kústarnir	Ungmennafélagið Ópokki
Ágúst Guðmundsson	Halla Sif Svavarsdóttir	Eiríkur Bóasson	Einar Eyland
Baldur Ingólfsson	Jóhanna E. Birgisdóttir	Gunnar Jóhannsson	Halldór Gestsson
Ingólfur Björnsson	Kristín María Kjartansdóttir	Ólafur Hreinsson	Haukur Stefánsson
Þorgeir Smári Einarsson	Lilja Sveinsdóttir	Pálmi Þorsteinsson	Ingólfur Hauksson
	Margrét Ólafsdóttir		Stefán Magnús Jónsson
			Kristján Vilhelmsson
			...og fleiri

6. mars 2004:

Nýliðamót í curling laugardaginn 6. mars

Laugardaginn 6. mars stendur Curling deild Skautafélags Akureyrar fyrir nýliðamóti þar sem ætlunin er að gefa nýju fólki færi á að reyna með sér í íþróttinni. Er þar átt við fólk sem hefur stundað íþróttina síðan í haust eða skemur. Allnokkur fjöldi fólks hefur komið til liðs við Curling deild SA í haust og vetur þannig að nýliðar sem nú æfa curling eru á bilinu 10-15 og má búast við að flestir þeirra mæti til leiks.

Því miður er takmarkaður tími sem gefst fyrir mótið þannig að ef þátttaka verður mikil munu nýliðar sem ekki leika í Íslandsmótinu ganga fyrir.

Einnig bjóðum við velkomna áhugasama leikmenn sem langar til að kynna íþróttinni en hafa jafnvel aldrei prófað áður. Leikirnir verða í styttra lagi þannig að mögulegt verður að ljúka móti og krýna sigurvegara eftir þriggja til fjögurra tíma keppni. Keppnin sjálf hefst klukkan 18 en þátttakendur eru beðnir um að mæta tímanlega. Einnig verður svellið gert klárt til curling iðkunar nokkru áður þannig að þeir sem þessa óska geta fengið örlitla tilsögn og aðstoð áður en keppni hefst. Fólk sem áhuga hefur á að vera með getur hvort heldur er myndað saman lið og skráð til keppni eða skráð sig sem einstaklinga og munu skipuleggjendur mótsins sjá um að koma stökum keppendum saman í lið. Keppt er í fjögurra manna liðum en leyfilegt er að hafa einn varamann.

Vitað er að von er á að minnsta kosti einu liði að sunnan til keppinnar og markar það tímamót í sögu íþróttarinnar á Íslandi því enn sem komið er hefur curling aðeins verið stundað á Akureyri en ekki annars staðar á landinu.

Áhugasamir um þátttöku geta fengið nánari upplýsingar og skráð sig til keppni hjá Hallgrími í síma 822 2015, Haraldi í síma 462 7727 (heima) eða 461 3666 (vinnu) eða með því að senda [tölvupóst til deildarinnar](#).

Þátttökugjald er 1.000 krónur á hvern leikmann.

3. mars 2004:

Svellkaldir Ísmeistarar unnu fimmta leikinn í röð

Ísmeistarar tóku forystuna á Íslandsmótinu í curling með sigri á liði Listhlaupsins í kvöld, 8-1. Ísmeistarar, sem urðu Íslandsmeistarar 2002 og nældu sér í brons í fyrra, hafa verið á miklu skriði og unnu nú í kvöld sinn fimmta leik í röð eftir að hafa byrjað mótið með tveimur töpum. Svellkaldir Ísmeistarar gáfu Listhlaupinu engin grið og unnu hverja lotuna á fætur annarri, en þó ekki baráttulaust. Listhlaup vann síðan síðustu lotuna en úrslitin 8-1 Ísmeisturum í vil. Denni og félagar tróna því á toppnum en Garpar eða Víkingar geta náð þeim að stigum þegar liðin leika síðasta leik 7. umferðarinnar næstkomandi mánudagskvöld. Næsti leikur Ísmeistaranna verður miðvikudagskvöldið 10. mars gegn Fálkum en fyrri leik liðanna lauk með sigri Fálkanna.

Á hinn brautinni áttust við Fálkar og Ernir. Fálkar koma í humátt á eftir toppliðunum og mega ekki við því að tapa stigum en Ernir þurftu nauðsynlega á sigri að halda í kvöld til þess að eiga möguleika á að komast upp í fjórða sætið. Ernir byrjuðu betur og skoruðu tvö stig strax í fyrstu lotu. Fálkar sögðu þá hingað og ekki lengra og náðu að hala inn sjö stig með öflugum varnarleik í næstu þremur lotum. Ernir náðu síðan einu stigi í fimmtu lotunni og Fálkar einu stigi í síðustu lotunni. Úrslitin því 8-3 Fálkum í vil. Fálkar eru því áfram í toppbaráttunni en Ernir sitja áfram í fimmta sætinu með fjögur stig.

Síðasti leikur 7. umferðar verður væntanlega æsispennandi en þá eigast við Garpar og Víkingar. Liðin eru bæði með átta stig og getur annað liðið því náð Ísmeisturum að stigum með sigri. Fyrri leik liðanna lauk með eins stigs sigri Garpa.

1. mars 2004:

Þrjú lið efst og jöfn

Ekki minnkaði spennan í Íslandsmótinu í curling með leikjum kvöldsins. Þrjú lið eru nú efst og jöfn með átta stig þegar sex umferðum af tíu er lokið. Tveir leikir fóru fram í kvöld og lauk þar með bæði 5. og 6. umferð mótsins því öðrum leik kvöldsins hafði verið frestað frá því í síðustu viku. Ef miðað er við fyrri hluta mótsins þá náðu Garpar bestum árangri þar, fengu átta stig, en Ísmeistarar, Fálkar og Víkingar

fengu sex stig. Ísmeistarar og Víkingar unnu leiki sína í sjöttu umferðinni og náðu Görpum þar með að stigum.

Fálkar og Víkingar skoruðu til skiptis í fyrstu þremur lotunum, fyrst Víkingar eitt stig, þá Fálkar eitt og síðan Víkingar aftur eitt stig. Vendipunktur í leiknum varð í fjórðu lotu þegar Fálkar áttu síðasta stein en Víkingum tókst engu að síður að skora tvö stig og komast í 4-1. Með seiglu og heppni náðu Fálkar að minnka muninn í eitt stig fyrir lokalotuna en lengra komust þeir ekki (eins og Bjarni Fel myndi segja). Víkingar náðu einu stigi í lokalotunni og sigruðu 5-3.

Í hinum leik kvöldsins, frestuðum leik úr 5. umferðinni, stefnti einnig í spennu en þar var staðan 2-1 Ísmeisturum í vil eftir þrjár umferðir. Áfram var síðan baráttu í hverri lotu en þær féllu þó allar Ísmeistara megin, sem stóðu að lokum uppi sem sigurvegarar, 7-1.

Næstu leikir verða á miðvikudagskvöld en þá hefst sjöunda umferð mótsins. Þá leika Ernir gegn Fálkum og Listhlaup gegn Ísmeisturum.

25. febrúar 2004:

Spennan eykst að nýju

Íslandsmótið í curling er nú rúmlega hálfnað en tveir leikir í 6. umferð voru leiknir í kvöld þótt einum leik úr 5. umferðinni sé enn ólokið. Úrslit kvöldsins tryggja áframhaldandi spennu í keppninni um titilinn því Garpar, efsta liðið, tapaði í kvöld gegn Ísmeisturum.

Því miður var Ísinn ekki eins og best verður á kosið í kvöld og brautirnar erfiðar eftir æfingar hestamanna á svellinu fyrir Bautamótið næstkomandi laugardagskvöld. Ísmeistarar og Garpar lentu á erfiðari brautinni og reyndist verulegur hluti hennar þannig að erfitt var að hafa stjórn á steinunum. Brautin var þó að sjálfsögðu jafnerfið fyrir bæði liðin. Ísmeistarar byrjuðu betur og náðu þremur stigum í fyrstu lotu. Garpar nöguðu upp þá forystu og komust í 4-3 með því að vinna fjórar næstu lotur, allar með einu stigi. Spennan var því mikil í lokalotunni þar sem Ísmeistarar áttu seinasta stein. Þeir höfðu þó unnið leikinn áður en kom að seinasta steininum, áttu tvo innstu steina og sigruðu því í leiknum, 5-4. Til gamans má geta þess að Garpar unnu fyrri leik liðanna 5-4. Liðin standa því hníffjöfn sín á milli.

Hinn leikur kvöldsins varð eiginlega aldrei spennandi því Ernir unnu hverja lotuna á fætur annarri gegn Listhlaupi og voru komnir í 12-0 forystu eftir fimm lotur. Listhlaupsliðið rétti þó úr kútnum í síðustu lotu og minnkaði muninn í 12-4. Stærsti sigurinn hingað til á þessu Íslandsmóti.

Eftir leiki kvöldsins eru Garpar efstir með 8 stig en þrjú lið eru jöfn með 6 stig, Víkingar, Fálkar og Ísmeistarar. Garpar hafa leikið einum leik fleiri en þessi þrjú lið.

Tveir leikir verða leiknir mánudagskvöldið 1. mars. Annars vegar leika Ísmeistarar og Listhlaup, en það er leikur úr 5. umferðinni sem fresta varð síðastliðið mánudagskvöld vegna óhapps í frystibúnaði sem gerði það að verkum að svellið var ekki í leikhæfu ástandi. Sigrí Ísmeistarar komast þeir upp að hlið Garpanna á toppnum. Hinn leikurinn er síðasti leikur 6. umferðar en þar eigast við Víkingar og Fálkar og kemst sigurliðið upp að hlið Garpa þannig að svo gæti farið að þrjú lið verði efst og jöfn eftir sex umferðir. Semsagt: Æsispennandi keppni framundan og áhorfendur hvattir til að mæta í Skautahöllina á Akureyri.

21. febrúar 2004:

Skemmtileg heimsókn

Hróður Curling íþróttarinnar á Akureyri fer víða. Í gær kom Kevin Thies, sem er meðlimur í Madison Curling Club, ásamt konu sinni, Sheryl D. Thies, í heimsókn til



Akureyrar og kynntu sér aðstöðuna í Skautahöllinni. Komu þau til Íslands vegna Food and fun ráðstefnunnar í Reykjavík og þar sem Kevin er forfallinn curling spilari fannst honum ekki hægt annað en að heimsækja eina curling klúbbinn sem til er á Íslandi. Hallgrímur gjaldkeri hitti Kevin í morgun, rétt fyrir brottför þeirra hjóna til Reykjavíkur og færði Kevin klúbbnum nokkur curling merki (barmmerki) að gjöf ásamt óskum um bjarta framtíð. Einnig sýndi hann áhuga á að fá einhverja félgaga sína til að heimsækja okkur í framtíðinni til keppni.

Heimasíða Madison Curling Club: www.madisoncurlingclub.com

Rætur Madison Curling klúbbsins liggja allt aftur til 1921 þegar nokkrir áhugasamir prófessoarar í Wisconsin háskóla tóku sig saman og útbjuggu curling braut. Klúbburinn sjálfur var stofnaður tíu árum síðar, 1931.

18. febrúar 2004:

Garpar sigruðu í toppslagnum

Fimmta umferð Íslandsmótsins í curling hófst í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld með tveimur leikjum. Í öðrum þeirra áttust við toppliðin, Garpar og Víkingar, sem fyrir umferðina höfðu unnið þrjá leiki en töpuðu reyndar bæði leikjum sínum í fjórðu umferðinni. Garpar sýndust sterkari strax í upphafi gegn þremur Víkingum, komust í 2-0 en Víkingar minnkuðu muninn í annarri lotu. Segja má að næstu tvær lotur hafi ráðið úrslitum í leiknum því Garpar skoruðu tvö stig í hvorri lotu og komust í 6-1. Víkingar unnu síðan tvær síðustu loturnar en það dugði ekki og lokatölurnar 6-5 Görpum í vil.

Fuglaliðin Ernir og Fálkar áttust við í hinum leik kvöldsins. Fálkar náðu góðri forystu í upphafi, komust í 4-0 eftir tvær lotur. Ernir söxuðu á forskotið með því að sigra í þriðju og fjórðu lotu með einu stigi í hvorri lotu. Allt stefndi í sigur Arna í fimmtu lotunni þannig að um tíma leit út fyrir að staðan yrði jöfn fyrir síðustu lotuna. En skipper Fálkanna, Ágúst Hilmarsson, tók þá til sinna ráða með síðasta steininum í fimmtu lotunni, skaut tveimur steinum andstæðinganna út og Fálkar skoruðu þrjú stig í þeirri lotu. Staðan því 7-2 fyrir lokalotuna og lítil von fyrir Erni að jafna eða vinna leikinn. Ernir unnu þó lokalotuna með einu stigi og úrslitin því 7-3 Fálkum í vil.

Síðasti leikur fimmtu umferðarinnar og þar með í fyrri hluta mótsins verður leikinn á mánudagskvöldið 23. febrúar en þá eigast við Listhlaup og Ísmeistarar.

16. febrúar 2004:

Neðsta vann efsta

Glaðhlakkalega fjölskylduliðið Ernir gerði sér lítið fyrir í kvöld og sigraði Garpa í síðasta leik fjórðu umferðar Íslandsmótsins. Garpar höfðu fyrir leikinn ekki tapað leik í mótinu og Ernir höfðu ekki unnið leik. Það má því segja að úrslit fjórðu umferðar hafi tryggt áframhaldandi spennu í mótinu fyrir öll liðin því nú eru tvö lið með sex stig, tvö með fjögur stig og tvö með tvö stig.

Garpar byrjuðu reyndar betur gegn Örnnum í leiknum í kvöld og skoruðu eitt stig í fyrstu og eitt í annarri lotu. Ernir tóku þá flugið og skoruðu þrjú stig í þriðju umferðinni. Við það virtust Garpar slegnir út af laginu en Ernir svifu áfram og til sigurs unnu hverja lotuna á fætur annarri það sem eftir var leiks og stóðu að lokum uppi með 8-2 sigur.

Fimmta og síðasta umferðin í fyrri hluta mótsins hefst í Skautahöllinni á Akureyri á miðvikudagskvöld en þá leika Garpar gegn Víkingum og Ernir gegn Fálkum. Athygli er vakin á því að leik Arna gegn Fálkum var flýtt samkvæmt beiðni Fálka og með samþykki hlutaðeigandi liða en leikur Ísmeistara og Listhlaups, sem upphaflega var á dagskrá 18. febrúar, verður leikinn mánudaginn 23. febrúar.

11. febrúar 2004:

Ísmeistarar lögðu Íslandsmeistarana

Ísmeistarar, Íslandsmeistararnir 2002, gerðu sér lítið fyrir og sigruðu núverandi Íslandsmeistara, Víkinga, í 4. umferð Íslandsmótsins sem hófst í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Leikur liðanna var jafn og spennandi - jafnvel dramatískur á köflum. Víkingar unnu fyrstu lotuna en Ísmeistarar tvær þær næstu og komust í 4-1 en Víkingar jöfnuðu leikinn með sigri í 4. og 5. lotu. Síðasta lotan varð því spennandi og þegar upp var staðið náðu Ísmeistarar tveimur stigum þar og sigruðu 6-4.

Í hinum leik kvöldsins vannst stærsti sigur sem sést hefur á þessu Íslandsmóti - en fyrir kvöldið í kvöld hafði enginn leikur unnist með meira en þriggja stiga mun. Lokatölurnar segja reyndar ekki allt um gang leiksins því í raun voru flestar lotur í leik Fálka og Listhlaups jafnar og spennandi. Lukkudísirnar fylgdu þó Fálkunum í kvöld. Þeir sigruðu í fimm fyrstu lotunum og komust í 7-0 en Listhlaupsliðið náði einu stigi í þeirri síðustu. Úrslitin því 7-1 Fálkum í vil.

Þriðji og síðasti leikur fjórðu umferðar verður leikinn á mánudagskvöldið 16. febrúar en þá eigast við Garpar og Ernir. Garpar eru nú eina taplausa liðið í mótinu en Ernir eina liðið án sigurs.

9. febrúar 2004:

Víkingar upp að hlið Garpa

Tvö lið hafa tekið nokkuð afgerandi forystu - í bili að minnst kosti - þegar þremur umferðum af tíu er lokið á Íslandsmótinu í curling. Einn leikur var leikinn í kvöld og áttust þar við Víkingar og Listhlaup. Víkingar náðu forystunni strax í upphafi og komust í 4-0 eftir tvær lotur, Listhlaupsliðið skoraði eitt stig í þriðju lotu en Víkingar unnu tvær þær næstu og komust í 8-1 fyrir síðustu lotuna. Þótt fræðilegur möguleiki sé að skora átta stig í einni og sömu lotunni er það mjög sjaldgæft en þó skyldi maður aldrei útiloka neitt fyrirfram. Jóni, Svanhildi og Dagbjörtu, sem stóðu þrjú í ströngu í kvöld gegn fjórum Víkingum, tókst að vísu ekki að skora átta stig í síðustu lotunni heldur fjögur stig og féllu því með sæmd, 5-8.

Víkingar komust þar með upp að hlið Garpa en bæði liðin hafa unnið alla leiki sína til þessa og eru með sex stig. Þrjú næstu lið hafa tvö stig hvert en eitt lið er enn án stiga.

8. febrúar 2004:

Krullað í 32 sólarhringa samfleytt!

Umsjónarmaður vefsins hefur sér til gamans haldið eins konar kladda yfir mætingu á æfingar, í leiki og mót í curling í Skautahöllinni í vetur. Hér eru til fróðleiks nokkur talnadæmi úr kladdanum frá því fyrir áramót, frá fyrstu æfingu þann 7. október fram til þátttöku í Áramótamótinu þann 27. desember.

- Á tímabilinu voru 24 æfingartímar (eða leiktímar þegar mót stóðu yfir) og curling því í gangi í 48 klukkustundir á haustmisseri.
- Alls mættu 48 manns einu sinni eða oftár á æfingu fyrir áramót og eru þá hvort tveggja taldir þeir sem komið hafa og spilað og horft á, því þegar mót standa yfir þurfa lið að sitja yfir vegna þess að brautirnar eru aðeins tvær. Þeir sem sátu hjá en komu samt og horfðu á fengu því stig í kladdann fyrir sýndan áhuga.
- Fleiri mætti telja með sem þátttakendur í curling í haust því auk þessara 48 hafa forsvarsmenn deildarinnar tekið á móti hópum og kynnt curling íþróttina á öðrum tímum en æfingartímunum.

- Af þessum 48 sem komið hafa á æfingar eru fimmtán sem komu aðeins einu sinni. Samanlagt spiluðu allir sem mættu á æfingar eða til keppni (eða horfðu á aðra spila) í 764 klukkustundir – sem jafngildir að einn maður hafi spilað curling stanslaust í 31 sólarhring og 19 klukkustundir.
- Aðeins tveir menn mættu á allar æfingar á haustmisseri, Ásgrímur Ágústsson og Haraldur Ingólfsson.
- Tveir menn mættu á allar æfingar nema eina, bræðurnir Hallgrímur Valsson og Davíð Valsson. Aðrir á topp 15 eru: Jón Hansen (21), Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Björn Arason og Gísli Kristinsson (19), Guðmundur Pétursson (18), Elísabet Inga Ásgrímsdóttir (17), Júlíus Arason (13), Birgitta Reinaldsdóttir (12), Sigfús Sigfússon (12) og Ágúst Ásgrímsson (11).
- Ef reiknað er með að í öllum tímum hafi verið spilað á báðum brautum, einn sex lotu leikur á hvorri braut (sex leikir voru leiknir á einu kvöldi í Áramótamótinu) þá voru samtals leiknar 288 lotur á haustmisseri og í þeim kastað 4.608 steinum.

Kladdinn er áfram í notkun – og nýjar tölur verða birtar í vor.

7. febrúar 2004:

Starfsfólk Samherja og Skríns í curling

Það var sannarlega gestkvæmt í Skautahöllinni á Akureyri í dag og í kvöld því tveir hópar komu í heimsókn og fengu að kynnst curling íþróttinni undir handleiðslu reyndra curling manna.



Tíu starfsmenn frá Skríni komu saman í Skautahöllinni og fengu tilsögn og spiluðu curling. Ekki er annað vitað en að þeim hafi líkað vel og skemmt sér ágætlega. [Fleiri myndir hér...](#)

Hátt í 40 starfsmenn Samherja fengu síðan leiðsögn í curling og þegar allir voru búnir að prófa og ná einhverjum tökum á íþróttinni var slegið upp móti með átta liðum. Mynd af sigurliðinu er hér til hliðar - en [fleiri myndir af Samherjum hér...](#)



Mikill áhugi virðist hjá fólki á að kynnst þessari skemmtilegu en sérstöku íþrótt og fá að prófa - til dæmis í tengslum við óvissuferðir eða aðrar upptökur á vegum starfsmannafélaga. Í hverjum hópi reynist síðan einn eða fleiri áhugasamir sem mæta jafnvel aftur og geta síðan ekki hætt. Enda hefur iðkendum íþróttarinnar fjölgað mjög í vetur og raunar orðin þörf á að fjölga tímum og/eða brautum sem curling fólk hefur til umráða í Skautahöllinni á Akureyri.

4. febrúar 2004:

Fálkar og Ernir ekki enn komnir á flug

Þriðja umferðin í Íslandsmótinu hófst í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld með tveimur leikjum og enduðu þeir báðir með eins stigs sigri - en þó eftir gjörólíka þróun í leikjunum. Ernir og Ísmeistarar áttust við í jöfnum og spennandi leik en bæði liðin höfðu tapað leikjum sínum í fyrstu tveimur umferðunum. Ernir sigruðu í fyrstu lotu, Ísmeistarar í tveimur næstu og komust í 3-1 en Ernir jöfnuðu með því að sigra með einu stigi í fjórðu og fimmtu lotu. Það þýddi að Ísmeistarar áttu síðasta stein í síðustu lotunni og þrátt fyrir að sá steinn hafi verið sendur öðruvísi en um var beðið og ætlað var þá endaði hann för sína eftir brautinni á réttan hátt fyrir Ísmeistarana, sem þar með náðu einu stigi og sigruðu í leiknum 4-3.

Hinn leikur kvöldsins, milli Garpa og Fálka, var gjörólíkur áðurnefndum leik. Garpar komu ákveðnir til leiks og lögðu erfiðar þrautir fyrir Fálkana, sem ekki náðu sér á flug þannig að Garpar voru komnir 6-1 yfir þegar aðeins ein lota var eftir. En leikurinn er ekki búinn fyrr en síðasta steini hefur verið kastað og minnstu munaði að Fálkum tækist að jafna leikinn. Þegar síðasti steinn í síðustu lotu var eftir höfðu Fálkar fjóra steina inni í húsinu (hringnum) og gátu bætt þeim fimmta við en það tókst ekki og því sigruðu Garpar 6-5.

Liðin með fuglaheitunum töpuðu semsagt í kvöld og virðast ekki ná sér almennilega á flug - en enn er mikið eftir af mótinu og mörg stig í pottinum áður en Íslandsmeistarar verða krýndir.

Þriðji og síðasti leikur þriðju umferðar verður leikinn á mánudagskvöldið 9. febrúar en þá eigast við Listhlaup og Víkingar.

2. febrúar 2004:

Tvö lið efst og jöfn eftir 2. umferð

Síðasti leikurinn í 2. umferð Íslandsmótsins var leikinn í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld og áttust þar við Íslandsmeistararnir og silfurliðið frá Íslandsmótinu í fyrra, Víkingar og Fálkar. Fálkar náðu sér í eitt stig í fyrstu lotu en þá tóku Víkingar völdin í leiknum og komust í 5-1 eftir fjórar lotur. Fálkar settu á þá pressu með því að ná þremur stigum í fimmtu lotunni og staðan því 5-4 þegar ein lota var eftir. Sigur Fálka í næstsíðustu lotunni þýddi að Víkingar áttu síðasta stein í síðustu lotunni. Það dugði þeim og gott betur því Víkingar skoruðu tvö stig í síðustu lotunni og unnu leikinn 7-4. Víkingar og Garpar hafa unnið báða leiki sína í mótinu og eru því saman á toppnum nú í byrjun móts.

26. janúar 2004:

Listhlauparar sigruðu Erni

Tveir leikir í 2. umferð Íslandsmótsins voru leiknir í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Enn sem fyrr fengu áhorfendur að upplifa spennandi og jafna leiki. Í annarri viðureigninni áttust við Erni og Listhlaup. Erni tóku forystuna með tveimur steinum í fyrstu lotu en Listhlauparar komust yfir í þeirri þriðju, Erni minnkuðu muninn í eitt stig en Listhlauparar bættu við í tveimur síðustu lotunum og sigruðu 6-3.

Garpar virtust ætla að valta yfir Ísmeistara strax í fyrri hluta leiks liðanna í kvöld. Garpar komust í 5-0 eftir þrjár loturog ekkert var skorað í fjórðu lotunni. Ísmeistarar tóku kipp í fimmtu lotu og náðu þremur stigum en síðan einu stigi í lokalotunni þannig að Garpar sigruðu 5-4.

Síðasti leikur 2. umferðar verður mánudagskvöldið 2. febrúar en þá eigast við Víkingar og Fálkar.

26. janúar 2004:

Fyrstu umferðinni lokið - enn einn spennutryllirinn!

Síðasti leikurinn í 1. umferð Íslandsmótsins var leikinn í kvöld – og um hann má segja hið sama og hina tvo, hann var æsispennandi - þótt ýmsum sem ekki hafa spilað curling gæti þótt það undarlega til orða tekið um þessa íþrótt. Eitt stig var skorað í öllum lotunum í leik kvöldsins en þar áttust við Ísmeistarar (Íslandsmeistararnir 2002) og Fálkar. Fálkar tóku forystuna með því að ná sér í eitt stig í fyrstu lotu og aftur í annarri. Ísmeistarar jöfnuðu leikinn með því að ná í eitt stig í þriðju lotunni og eitt í þeirri fjórðu. Fálkar komust aftur yfir með einu stigi í fimmtu og næstsíðustu lotunni þannig að Ísmeistarar áttu síðasta steininn í lokalotunni. Þegar að honum kom áttu þeir möguleika á að jafna leikinn og jafnvel vinna hann með því að ná í tvö stig en það tókst ekki, Fálkar náðu sér í eitt stig og unnu samanlagt 4-2.

Næstu leikir verða á miðvikudagskvöld en þá eigast við Garpar og Ísmeistarar (braut 1) og Listhlaup og Erni (braut 2).

22. janúar 2004:

Nemendur íþróttabrautar VMA fengu kennslu í curling

Í dag komu 17 nemendur íþróttabrautar VMA í heimsókn í Skautahöllina þar sem Gísli Kristinsson og Hallgrímur Valsson kynntu íþróttina og leiðbeindu gestunum í þeirri list að senda steina af réttu afli og réttri stefnu, sópa, ákveða skotin og fleira sem kunna þarf skil á til þess að geta spilað curling. Vonandi að þessi heimsókn skili til deildarinnar nýjum leikmönnum af yngri kynslóðinni, því svo sannarlega er curling íþrótt fyrir jafnt unga sem eldri leikmenn.

21. janúar 2004:

Æsispennandi upphafsleikir á Íslandsmóttinu

Íslandsmótið í curling hófst í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Leikirnir í kvöld voru æsispennandi og er óhætt að fullyrða að þeir gefi fyrirheit um spennandi Íslandsmót framundan.

Garpar og Listhlaup áttust við og tók listhlaupsfólk afgerandi forystu í upphafi leiks og komst í 5-0 eftir tvær lotur. Garpar minnkuðu muninn í 5-3 í þriðju lotu en Listhlauparar komust í 7-3 í þeirri fjórðu. Sigurinn virtist blasa við en með góðum endaspretti tryggðu Garpar sér sigur en liðið náði sex stigum í tveimur síðustu lotunum og sigraði því 9-7.

Víkingar og Ernir áttust við í hinni viðureign kvöldsins. Ernir voru skrefinu á undan og komust í 4-1 en Víkingar jöfnuðu 4-4 í fjórðu lotu. Ernir skoruðu eitt stig í fimmtu lotu og komust þar með einu stigi yfir en Víkingar áttu hins vegar síðasta setin í síðustu lotunni og höfðu sigur með því að ná tveimur stigum í lokin og sigruðu því 6-5.

Síðasti leikur fyrstu umferðarinnar verður á mánudagskvöld kl. 19:30-21:00 en þá eigast við Ísmeistarar (Íslandsmeistarararnir 2002) og Fálkar.

19. janúar 2004:

Íslandsmótið - leikjadagskrá

Dregið hefur verið um töfluröð liðanna sex sem taka þátt í Íslandsmóttinu í curling en mótið fer fram í Skautahöllinni á Akureyri og hefst miðvikudaginn 21. janúar. Meðþátttaka er í móttinu en alls taka sex lið með skráða 30 leikmenn innanborðs þátt í þessu þriðja Íslandsmóttinu í curling. Lið Víkinga sigraði í móttinu í fyrra og hefur titilvörnina gegn nýju liði sem hinn góðkunnir ljósmyndari Ásgrímur Ágústsson í Norðurmynd stýrir. Í fyrstu umferðinni eigast við Víkingar og Ernir, Garpar og Listhlauparar (báðir leikir miðvikudaginn 21. janúar) og Ísmeistarar gegn Fálkum (mánudaginn 26. janúar).

[Leikjadagskrá mótsins er að finna í sérstakri töflu hér](#) og verða úrslit færð inn í hana jafnóðum og leikir fara fram.

Liðin sem taka þátt eru þannig skipuð:

A = Garpar Hallgrímur Valsson Davíð Valsson Magnús Finnson Sigurður Gunnarsson Guðmundur Pétursson	B = Listhlauparar Jón G. Rögnvaldsson Svanfríður Sigurðardóttir Dagbjört Hulda Eiríksdóttir Eiður Stefánsson Jóhannes Páll Héðinsson	C = Víkingar Gísli Kristinsson Jón S. Hansen Birgitta Reinaldsdóttir Björn Arason Jón B. Gíslason
D = Ernir Ásgrímur Ágústsson	E = Ísmeistarar Sveinn Björnsson	F = Fálkar Ágúst Hilmarsson

Elísabet Inga Ásgrímsdóttir Ágúst Ásgrímsson Einar Jóhannsson Eiríkur Bóasson	Hallgrímur Ingólfsson Sigurgeir Haraldsson Björn Sigmundsson Audrey Freyja Clarke	Haraldur Ingólfsson Árni Arason Júlíus Arason Sigfús Sigfússon
--	--	---

15. janúar 2004:

Íslandsmótið að hefjast

Íslandsmótið í curling hefst miðvikudaginn 21. janúar í Skautahöllinni á Akureyri. Leikin verður tvöföld umferð og er reiknað með þátttöku sex liða í mótinu. Þar sem aðeins tvær curling brautir eru á svellinu verður einn leikur á dagskrá á mánudögum og tveir á miðvikudögum, þannig að heil umferð verður leikin í hverri viku. Mótinu lýkur miðvikudaginn 31. mars.